

# Brímfaxi



**„helsta einkenni smábátaveiða á heimsvísu er umboðsleysi þeirra“**

Árna M. Mathiesen hjá FAO

bls: 6



**Fyrirkomulag grásleppuveiða**

Gallup könnun fyrir LS

bls: 46



**Makrílveiðar í uppnámi**

Örn Pálsson framkvæmdastjóri LS

bls: 10

Tímarit Landssambands smábátaeigenda 2. tbl. 2018

**„52 prósent lækkun veiðigjalda smábátaeigenda“**

Axel Helgason formaður LS

JÓL  
2018



# ÞÚ ERT ÚR LEIK. HVAÐ TEKUR VIÐ?



## LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGINGAR

Ef lífið væri leikur þá væru áföllin fljótlega gleymd. En þú færð ekki gefið upp á nýtt í lífsins leik. Hver tekur við þínum skuldbindingum ef þú þarft að sitja hjá?

Hafðu samband við Vörð og saman finnum við út hvaða líf- og sjúkdómatryggingar henta þér og þínum.

VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?

vörður

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra sem og landsmönnum öllum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár!



**Fiskmarkaður  
Patreksfjarðar ehf**



Brimfaxi sendir félagsmönnum Landssambands smábátæigenda sem og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár!



## Efnisyfirlit

Leiðari, Axel Helgason formaður LS . . . . .	2
„Víðast hvar er enginn grundvöllur fyrir kvótasetningu þessara veiða“ Árni M. Mathiesen . . . . .	6
Togveiðar í kálgörðum, Magnús Jónsson . . . . .	10
Veiðigjald í áttina, Örn Pálsson framkvæmdastjóri LS. . . . .	14
Alþjóðadagur fiskveiða 21. nóvember 2018 . . . . .	24
Maður er nefndur Jón Bjarnason, Arnar Atlason, formaður SFÚ . . . . .	28
Staða smábátaveiða á Indlandi: áskoranir og leiðin fram á við, Ujjaini Halim . . . . .	32
„Fyrirhugaðar svæðalokanir í Faxaflóa munu endanlega drepa smábátaútgerð á Skaganum“ . . . . .	38
Frumkvöðullinn – upphaf makrílveiða á Íslandi . . . . .	42
Vegurinn til heljar . . . . .	44
Skoðanakönnun Gallup um fyrirkomulag grásleppuveiða. . . . .	46

---

**Útgefandi:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Arthur Bogason, Axel Helgason og Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Harri. **Auglýsingar:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. Sími 892 2585. Netfang [arthur@smabatar.is](mailto:arthur@smabatar.is) **Myndir:** Arthur Bogason, Magnús Þór Hafsteinsson, Pálmi Guðmundsson, Axel Helgason o.fl. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1200 eintök. **Forsíðumyndin** er frá Bolungarvík, tekin af Pálma Guðmundssyni.





Leiðari, Axel Helgason formaður LS

# Kæru félagsmenn og velunnarar

**Á** árinu sem er að líða hefur gengið á úmsu í umhverfi okkar smábátasjómannanna og nú þegar ég hef mitt þriðja starfsár sem formaður LS hefur það aldrei verið skýrara í mínum huga hversu áriðandi það er að hafa hagsmunasamtök eins og Landssamband smábátæigenda (LS) til að gæta heildarhagsmuna smábátæigenda.

Mikil áhersla LS á lækkun veiðigjalda til handa útgerðaraðilum smábáta skilaði sér á endanum. Tekið var tillit til kröfu um lækkun og nemur hún 52 prósentum fyrir stærsta hluta smábátæigenda. Þegar veiðigjaldafrumvarpið kom fram var ekki tekið tillit til áherslu LS á að veita afslátt til minni útgerða. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) lögðust gegn afslætti í umsögn sinni við frumvarpið og lögðu áherslu á að allir borguðu sama gjaldið.

Formaður atvinnuveganefndar Lilja Rafney, gerði strax fyrirvara við frumvarpið og tók undir

málflutning LS um að veittur yrði afsláttur sem gagnaðist helst litlum og meðalstórum útgerðaraðilum. Sú 40% lækkun sem náðist á fyrstu 6 milljónum veiðigjaldanna, má rekja til samtala LS við stjórnámamenn og þá helst við formann atvinnuveganefndar sem stóð eins og klettur gegn þeirri orrahríð sem á honum dundu.

MSC vottun á grásleppu sem felld var niður í janúar síðastliðnum hefur ekki verið endurheimt og eins og staðan er núna, lítur út fyrir að hún verði það ekki fyrir næstu vertíð.

Það sem situr í mér eftir að hafa kynnt mér rækilega það sem vottunin byggði á og af hverju hún var felld, er að umhverfið sem snýr að þeim stofnunum sem hafa það hlutverk að fylgjast með meðafla við grásleppuveiðar var ekki undir það búið að veita þær upplýsingar sem þurfti, þ.e.a.s. að stofnmöt eru stopul og óáreiðanleg. Hvort vottun verði komin á fyrir næstu vertíð veltur að hluta til á afstöðu stjórnvalda.

Sendum sjómönnum sem og landsmönnum öllum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár!



*Fiskifélag Íslands*



Hvalur



Sendum félagsmönnum sem og landsmönnum öllum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi  
Smábátafélag Reykjavíkur  
Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ  
Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum  
Farsæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum  
Félag smábátæigenda á Austurlandi  
Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi  
Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra  
Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi  
Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi  
Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra  
Smábátafélagið Strandir  
Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi  
Strandveiðifélagið Krókur  
Drangey – Smábátafélag Skagafjarðar



**Axel Helgason** Formaður Landssambands smábátæigenda

Staðan er sú að þau munu þurfa að grípa til ýmissa þvingandi úrræða við stjórn grásleppuveiða, til að fylgja þeirri aðgerðaráætlun sem kaupandi vottunarinnar (ISF) hefur lagt til svo hægt verði að enduheimta vottunina.

Áhugavert verður að fylgjast með hvort sjómennirnir muni hafa eitthvað um það að segja hvort gripið verði til aðgerða til að endurheimta vottunina. Mín skoðun er afdráttarlaust sú að vottunin var felld á ófullnægjandi gögnum og að þeir stofnar sem um ræðir, landselur, útselur og teista séu ekki í hættu.

Í óbirtri niðurstöðu talningar á stofni útsels kemur fram að hann hefur stækkað um 50% frá 2012 og stofn landsels staðið í stað frá 2016. Stofnmat teistu er orðið 18 ára gamalt og var þá 40-50 þúsund fuglar. Nújustu vetrarfuglatalningar á teistu benda hins vegar til þess að stofninn fari stækkandi. Vegna þessa tel ég ótímabært að grípa til annarra aðgerða en að friða sel fyrir sportveiði og að gera skráningu selveiða sem skilyrði fyrir veiðum.

Fyrir liggur að veiðistjórnun á grásleppu verður óbreytt á næstu vertíð. Flestum er þó kunnugt um að ráðherra setti af stað vinnu við að skoða kosti og galla núverandi veiðistjórnunar. Niðurstaða þeirrar vinnu var sett í samráðsgátt stjórnarráðsins. Fjöldi umsagna sem bárust sló öll fyrri met, sem var ánægjulegt. LS fékk í kjölfarið Gallup til að gera könnun meðal grásleppuleyfishafa um

afstöðu þeirra til breytingu á veiðistjórnuninni og er niðurstaðan birt hér í Brimfaxa.

Það var lærdómsríkt ferli að undirbúa og framkvæma þessa könnun og ég tel að það verði LS til heilla að stíga frekar inn á þessa braut við að kanna afstöðu félagsmanna til hinna ýmsu mál-efna sem eru til umræðu hverju sinni.

Nú hefur fallið í Hæstarétti dómur sem viðurkennir bótaskyldu íslenska ríkisins gagnvart þeim sem öfluðu sér veiðireynslu í makríl á árunum 2008-2010 en fengu ekki úthlutað aflaheimildum samkvæmt henni á árunum 2011-2014.

Skaðabótakrafan hljóðar upp á rúma 18 milljarða ef allir „hlutdeildarhafar“ eiga rétt á sömu kröfu og Ísfélagið. Afleiðingar þessa dóms fyrir smábátæigendur sem gert hafa út á makríl eiga eftir að koma í ljós og fjölmörgum spurningum er ósvarað.

Við verðum að treysta því að stjórnvöld gæti jafnræðis þegar hugað er að viðmiðunarárum veiðireynslu, því makríllinn var ekki kominn á veiðislóð smábáta sem neinu nemur þau ár sem sem Hæstiréttur kveður á um í sínum dómi.

Mikill árangur hefur náðst í öryggismálum smábátaútgerðarinnar og almennt í sjávarútvegi á landi og sjó. Þar er helst að þakka framförum í hönnun báta og búnaðar ásamt aukinni fræðslu og námskeiðum um öryggismál. Rétt er að halda því til haga að slys á smábátum eru mun færri en í öðrum útgerðarflokkum.

Nú er að líða enn eitt árið þar sem engin banaslys hafa orðið á íslenskum fiskiskipum. Það er mikið fagnaðarefni. Sett í það samhengi að við Íslendingar erum fiskveiðipjóð með um 1.100 fiskiskip og -báta á veiðum fyrir opnu hafi, hlýtur þetta að teljast gríðarlegur árangur. Á árunum 1986-1995 létust að meðaltali um 10 íslenskir sjómenn á hverju ári.

Kæru félagar! Ég óska ykkur, fjölskyldum ykkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.


**Axel Helgason**

formaður Landssambands smábátæigenda



# Gleðilega hátíð

JONSSON & LEHMANNS · PÓL · 50A







Viðtal við Árna M. Mathiesen

## „Viðast hvar er enginn grundvöllur fyrir kvótasetningu þessara veiða“

**M**ig hefur lengi langað að setjast niður með Árna M. Mathiesen, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra og núverandi aðstoðarmanni yfirmanns fiskveiði- og fiskeldisdeildar Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) til að ræða við hann um gang fiskveiða almennt í heiminum í bland við fortíðina á Íslandi.

Árni var sjávarútvegsráðherra á árunum 1999 - 2005 og í hans tíð áttu sér stað veigamiklar breytingar á starfsumhverfi íslenska smábátaflotans. Við deildum oft hart, en í þessu viðtali er ekki ætlunin að taka þær deilur upp, enda þjónar það litlum tilgangi.

Árni hefur búið í Róm frá því hann var ráðinn til starfsins árið 2010. Að öðrum ólöstuðum hlýtur Árni að búa yfir einni mestu reynslu sem

Íslendingur hefur öðlast við stjórnunarstörf varðandi málefni fiskveiða.

Í byrjun desember var ég beðinn að taka fund fyrir hönd Alþjóðasamtaka strandveiðimanna og fiskverkafólks (WFF) sem fram fór í Róm. Ég hafði því samband við Árna og þýfgaði hann um spjall. Hann tók því að vonum vel.

Síðan hófst vinnuvikan í Róm hjá okkur báðum. Fundirnir í FAO eru þekktir fyrir margt annað en að standast tímamörk. Slímsetan hjá mér var engu betri. Dagarnir drógust áfram frá því snemma á morgnanna og fram á kvöld.

Svo kom að því, síðasta daginn minn í Róm að við ákváðum að hittast fyrir utan FAO bygginguna, sem er handan götunnar við Circus Maximus, stærsta leikvangsins sem Rómverjar byggðu á sínum tíma, rúmlega 620 metrar á lengd og 118

metrar á breidd. Hvorki meira né minna en 150 þúsund áhorfendur komust þar fyrir þegar þessi leikvangur var í öllu sínu veldi. Í dag er Circus Maximus almenningsgarður en þetta er stærsti íþróttaleikvangur sem byggður hefur verið á jörðinni allt fram á þennan dag.

Þetta gekk ekki þrautalaust fyrir sig. Fundir okkar beggja drógust úr hófi en ég losnaði þó ögn fyrr. Það varð til þess að ég ákvað að hendast í fræga sælkerabúð rétt hjá Vatikaninu. Umferðin um kvöldmatarleitið í Róm er hinsvegar ekkert grín og engu var líkara en að einhver þrjótur hjá Umferðastofu borgarinnar fylgdist sérstaklega með leigubílnum sem ég var í. Lentum alltaf á rauðu. Ég bað hann að bíða meðan ég skaust inn, en þegar ég kom til baka og bað hann að keyra mér hið snarasta að FAO byggingunni kom í ljós að ég hafði hitt á eina leigubílstjórnann í Róm, og trúlega eina Ítalann í heiminum sem vissi ekkert um hvaða byggingu ég var að tala.

Eftir dúk og disk komst ég niður að FAO og eftir stutta stund sá ég móta fyrir manni í birtu götu- ljósanna sem ég kannaðist við.

Við Árni röltum yfir götuna og settumst inná lítið og notarlegt veitingahús. Við ræddum um daginn og veginn og ákváðum að taka ekkert upp. Svona í ljósi síðustu atburða.

### **Hvernig hefur Róm farið með þig? Er gott að búa hér?**

Róm hefur farið vel með mig enda einstök borg. Vinnuveitandinn er líka þess eðlis að reynt er að láta starfsmönnum líða vel hvar sem þeir eru staddir í heiminum. Það er hins vegar meira en að segja það flytja svona á milli landa með fjöl- skyldu. Það hefur sem betur fer gengið vel hjá okkur öllum og eldri stelpurnar búnar að hleypa heimadragann og farnar að heiman. Við erum því bara þrjú eftir í Róm.

### **Hvernig er lífið hjá FAO? Er starfið eitthvað í líkingu við það sem þú bjóst við?**

Já, það er nú nokkuð eins og ég bjóst við. Þetta er stjórnunarstarf með sterku tæknilegu og póli- tísku ívafi. Það er stundum bísna flókið því

starfsmenn koma víða að, frá ólíkum löndum og menningarrheimum.

### **Þú varst sjávarútvegsráðherra heima á Íslandi. Eru einhver líkindi milli þess starfs og því sem þú gegnir hjá FAO?**

Já það eru það. Þetta er finnst mér einskonar blanda af starfi ráðherra og starfi ráðuneytis- stjóra. Pólitíska frumkvæðið er minna en hjá ráð- herra en samt fyrir hendi. Stjórnunin er meiri. Megnið af pólitíkinni kemur frá aðildarlöndunum og svo frá forstjóranum, Director-General (DG). Þetta er reyndar svolítið mismunandi eftir deildum og mönnum og kannski aðeins meiri pólitík í deildinni hjá mér en annarsstaðar. Það er reyndar beðið um það af aðildarþjóðunum vegna þess hversu virk umræðan um hafið og auðlindirnar er á alþjóðavetvangi.

### **Hvað hefur komið þér mest á óvart í þessu starfi?**

Það sem hefur komið mér mest á óvart er hversu tengd málefni deildarinnar eru við og inn í allt það sem gerist á alþjóðavetvangi. Frá Norð- ur-Kóreu til Súrlands! Það gerist bókstaflega ekkert í heiminum sem ekki snertir okkur á ein- hvern hátt og ég þarf ekki að huga að. Sennilega er það vegna þess hversu viðskipti með fisk eru mikil og hversu næringargildið er mikið auk þess hvað strandbyggðir, þróun þeirra og hafið sem slíkt, skiptir allstaðar pólitískt miklu máli.

### **Hver er þín skoðun á sífellt auknum afskiptum allskyns umhverfissamtaka af fiskveiðum og fiskveiðistjórnun?**

Hún er blendin. Það er vegna þess að sum þeirra, ekki þó öll, leggja einhliða verndun til grund- vallar í sínu starfi. Hjá FAO eru markmiðin að eyða hungri og fátækt í heiminum, og nýta auð- lindir á sjálfbæran hátt. Það er jafnvægi á milli þessara þátta þó sjálfbær nýting sé grundvallar- atriði sem ekki má gleymast, svo hin fyrri mark- mið megi nást. Þegar þessir þættir fara saman verður umræðan og vinnan öðruvísi og einhliða verdunarmarkmið ná yfirleitt ekki fram. Það er bara ekki alltaf þannig og þjóðir eins og Íslendingar sem byggja afkomu sína á auðlinda-



Á fundi í New York um stjórn lífræðilegs fjölbreytileika utan lögsögu ríkja

nýtingu verða að vera á varðbergi. Við hjá FAO eigum hinsvegar mjög gott og vaxandi samstarf við mörg þessara samtaka.

### Hefur sýn þín á málefni smábátaveiða breyst frá því áður var?

Breyst og ekki breyst, hún er allavega önnur og sýnin er víðari. Ég hef kannski ekki mikið öðruvísi skoðanir á smábátaveiðum við Ísland en ég hafði. Smábátaveiðar í heiminum eru hinsvegar víðast hvar mjög ólíkar smábátaveiðum á Íslandi. Skilgreiningin á smábátaveiðum er ekki skýr en allir eru sammála um það að eitt helsta einkenni smábátaveiða sé umboðsleysi þeirra sem þær stunda og það að þeir séu afskiptir við ákvarðanatöku.

Það verður aldrei sagt um smábátaveiðar á Íslandi. Rödd smábátasjómannanna hefur alltaf verið mjög öflug á Íslandi og pólitísku tengslin sterk og tillit verið tekið til þeirra. Víðast hvar annarsstaðar er þetta barátta um að fá grundvallaréttindi viðurkennd og viðurkenningu á mikilvægi greinarinnar fyrir byggðirnar. Í þeirri alþjóðlegu baráttu hefur rödd smábátamanna á Ísland hjálpað.

**Nú hefur sýnt sig að kvótasetningar á íslenska smábátflotann hafa gert fátt annað en að fækka þeim, og það hratt. Nýtir FAO sér þessar**

### upplýsingar og ef svo er, hvernig? Er FAO að ráðleggja ríkisstjórnnum að kvótasetja sína smábátafloata?

Víðast hvar er enginn grundvöllur fyrir kvótasetningu þessara veiða á viðlíka hátt og á Íslandi. Það er ekki verið að sækjast eftir möguleikum á hagræðingu. Það hefur reyndar komið mér á óvart hversu mikil hagræðing hefur átt sér stað á Íslandi. Það var ekki verið að stefna að slíku. Hinsvegar hefur atvinnuástand og atvinnumöguleikar verið slíkir á Íslandi, með undantekningu fyrstu árin eftir bankahrunið, að þeir sem hafa farið út úr greininni hafa getað sótt sér vinnu annarsstaðar, með aur í vasanum ef skuldir voru ekki of miklar. Svona ástand er mjög sjaldgæft í heiminum og mestar líkur á því víðast hvar, að ef fiskimaður missir viðurværið sé hann atvinnulaus, flosnar upp og bætist í fótta-mannastrauminn sem aldrei hefur verið meiri á heimsvísu en í dag.

**Það er sorgleg staðreynd að í hópi þeirra tugmiljóna manna sem stunda eða eru háðir smábátaveiðum í heiminum er gríðarlegur fjöldi þeirra sem lifir af þessum fræga \$1 á dag, sem reyndar er víst komið í \$2 á dag. Hvað telur FAO vænlegast til að brjótast útúr þessari fátækrargildru?**

Bætt fiskveiðistjórnun og sterkari fiskistofnar eru grundvallaratriði. Þar skipta réttindi strandveiðisamfélaganna miklu máli því framtíðin felst í auknu verðmæti aflans, svipað og hugsunin er með AVS verkefninu.

Auk þess efling fiskeldis og önnur nýting auðlinda eins t.d. ferðaþjónusa. Þetta köllum við í FAO, Blue Growth. Þetta gerist ekki þrautalaust og til þess þarf bæði fjármagn til endurbóta og félagslegan stuðning ásamt fjármagni til fjárfestinga.

Fyrst og frems þarf þó trú á framtíðinni og að samfélögin sjái sér hag í því að fara betur með auðlindina af því að hún er verðmæt og á að framfleyta samfélaginu langt inn í framtíðina.



Viðtal: Arthur Bogason



## DFF1-UHD CHIRP dýptarmælir



DFF1 UHD CHIRP mælirinn er stórkostleg nýjung sem býr yfir áður óþekktri getu til að fá upplýsingar um botngerð, stærð og þéttleika fiskitorfa, ásamt stærðargreiningu fisks. Þessi mælir sendir ekki einn geisla eins og eldri gerðir heldur er sendingin á ákveðnu tíðnisviði sem býður upp á margvíslega möguleika. Mælir sem ekki má vanta í brúna.



## DFF1/DFF3 "Black Box" dýptarmælir



Dýptarmælaeiningar fyrir NavNet 3D eru tvær. DFF1 er 600 W eða 1 kW, 50 og 200 kHz. DFF3 er 1,2 eða 3 kW, 22 - 220 kHz (frjálsar tíðnir). Báðar einingarnar eru ethernet tengdar við NavNet 3D skjáinn eða "black box" eininguna. Einnig er hægt að tengja þær beint inn á Maxsea Time Zero.



Magnús Jónsson á leið á miðin

## Togveiðar í kálgörðum

**Á** aðalfundi Landsambands smábáta-eiganda í haust var samþykkt eftirfarandi tillaga: „Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að taka upp fyrri takmarkanir á veiðum með dragnót í Skagafirði þannig að þær verði óheimilar innan línu sem dregin er milli Ásnefs í vestri í norðurhorn Þórðarhöfða í austri.“

Þessi tillaga kom upphaflega frá Drangey, Smábátafélagi Skagafjarðar. Ástæða þess að slík tillaga kom fram er sú, að sl. vetur gaf sjávarútvegsráðuneytið út reglugerð sem heimilaði ótakmarkaðar dragnótaveiðar á öllum Skagafirði. Þetta var gert í trússátt við vilja heimamanna, bæði sjómanna og sveitarstjórnar Skagafjarðar, en fjórðurinn hafði verið lokaður fyrir dragnótaveiðum innan eyja um margra ára skeið. Bar ráðuneytið aðallega fyrir sig skýrslu Hafrannsóknarstofnunar frá 2009 þar sem því var haldið fram að dragnótaveiðar hefðu lítil sem engin áhrif á lífríki sjávar í innanverðum Skagafirði. Orðrétt segir í þessari 20 síðna skýrslu: „Niðurstöður þessarar rannsóknar leiddu í ljós að áhrif dragnótaveiða á lífríki í innanverðum Skagafirði séu lítil og að öllum líkindum skammvinn. Ástæðurnar eru létt veiðarfæri, sókn frekar lítil, svæðið tegundasnautt

og ríkjandi tegundir flestar smáir tækifærissinnar sem eru aðlagðir að röskun botns.“

Við fyrstu sýn virðist hér um að vandaða og fræðilega úttekt að ræða. Hins vegar er að mínu mati verið að draga miklar ályktanir af litlu tilfni þar sem rannsóknin byggist einungis á fjögurra daga rannsókn í október 2008 þar sem tekin voru alls **FJÖGUR** tog með dragnótinni, þrjú á friðuðu svæði og eitt tog á opnu svæði!

Á svipuðum tíma og þessi Skagafjarðarrannsókn fór fram tók Hrafnkell Eiríksson fiskifræðingur saman gott yfirlit yfir dragnótaveiðar við Ísland. Þar kveður við nokkuð annan tón. Orðrétt segir þar: „Næsta öruggt má telja að skynsamlegt væri að loka tilteknum uppeldissvæðum fiskistofna fyrir dragnótaveiðum eins og gert er fyrir veiðum með botnvörpu af ýmsum ástæðum, mest vegna hás hlutfalls af smáfiski. Á þessu stigi málsins býr Hafrannsóknastofnunin hins vegar ekki yfir þeim upplýsingum og gögnum sem nauðsynlegar eru fyrir tillögur af því tagi. Fyrsta skrefið gæti þó verið að takmarka dragnótaveiðar á innanverðum fjörðum þar sem eru líklegar uppeldisstöðvar fyrir bæði flatfisk og bolfisktegundir.“



## Laxveiðar með dragnót

Á síðastliðnu sumri fengu skagfirskir sjómenn og raunar allir Skagfirðingar að sjá afleiðingar þeirrar aðgerðar sjávarútvegsráðuneytisins að opna allan fjörðinn fyrir veiðum með dragnót. Þá mættu nokkrir dragnótarbátar með Hafborgu EA, sem er um 300 tonna skip, í broddi fylkingar inn í botn fjarðarins með „léttu“ snurvoðirnar sínar sem sagðar eru allt að fjórum sinnum stærri en meðalstórt togaratroll. Svo hart var gengið fram á þessum veiðum að stangveiðimenn í fjörunum við Sauðárkrók óttuðust um veiðarfæri sín og við lá að að Hafborgin strandaði við Héraðsvatnaósinn við að koma voðinni nógu nálægt landi. Einn smábátur frá Króknum var á þessum tíma með nokkrar netatrossur í sjó milli Sauðárkróks og Hegraness og voru þær dregnar með snurvoðinni langt út á fjörð og voru þar með ónýtar. Svipað gerðist svo nú í október þar sem einn smábátur frá Hofsósi lagði ein 25 bjóð af línu á innfjörðinn. Allt fór á sömu leið og með netin og hefur aðeins líttill hluti línunnar fundist eftir að dragnótarbátur togaði yfir hana og olli þar með milljónatjóni. Þá má geta þess að nokkrum sinnum í haust hafa nokkrir smábátar á Skagafirði reynt að renna fyrir fisk með færum sínum á þeim innfjarðarslóðum sem helst er að vænta fiskjar á firðinum. Skemmst er frá að segja að varla hefur fengist í soðið á þessum slóðum, svo sviðinn virðist innfjörðurinn vera af hvaða ástæðu sem það er.

## Innfærsla landhelginnar

Athyglisverð og að nokkru uggvænleg þróun er að eiga sér stað varðandi veiðar með dragnót hér við land. Fyrir nokkrum áratugum voru það mest smærri bátar (minni en 50 tonn) sem stunduðu veiðar með dragnót þar sem nótin var fremur lítil og tóglengdin minni en 500 faðmar (sjálfur var ég þrjú sumur fyrir margt löngu á veiðum með dragnót á 6, 17 og 38 tonna bátum). Nú er hins vegar að eiga sér stað stórfelld uppbygging á togveiðiflota í líkingu við fyrrnefnda Hafborgu EA, þ.e.a.s. skip sem eru um 300 tonn að stærð. Þessi skip eru stærri og miklu kraftmeiri en flestir togarar voru þegar landhelgin var færð út í 50 sjómílu 1972. Nótin er orðin mun stærri en venjulegt togaratroll og oft með „grjót-hoppa“ og tóglengdin jafnvel komin yfir 3000 faðma! Þá hefur afli í togi margfaldast miðað við það sem áður var. Það er að mínu mati hálfgerð



Í norðlenskri blíðu á strandveiðum

kaldhæðni að á 100 ára afmæli fullveldis landsins skuli vera í reynd orðin svipuð togveiðilandhelgi hér við land eins og var 1918, þ.e. 3 sjómílu eða minna. Allt fram um 1952 var talað um að togarar væru upp í „kálgorðum“ með 3 sjómílna fiskveiðilandhelgina. Miðað við það er fyllilega hægt að halda því fram nú, þegar búið er að leyfa togveiðar (dragnótaveiðar) upp í fjörur inn á fjörðum, að búið sé að færa INN landhelgina, jafnvel upp í „Innsveitir“.

## Lokaorð

Það er skoðun mín að nauðsynlegt sé að taka allar reglur um veiðar með dragnót til endurskoðunar. Sömuleiðis færir reynslan á Skagafirði sl. sumar manni heim sanninn um að veiðar smábáta með línu og net eru ekki mögulegar á opnum toglóðum hvort sem um er að ræða dragnót eða troll. Þá tel ég að Hafró hafi ekki sýnt fram á að hún hafi nokkrar þekkingarlegar forsendur til að ráðleggja stjórnvöldum stórfelldar dragnótaveiðar (togveiðar) inn í fjarðarbotna eða aðrar fjörur landsins. Loks eru þessar





**Hafborg EA 150s** er u.þ.b. 300 tonna skip sem stundar dragnótaveiðar uppí kálgörðum Skagafjarðar

veiðar ávísun á mikla árekstra milli útgerðar-flokka eða eins og segir í fyrrnefndri grein Hrafnkels Eiríkssonar, þar sem hann veltir upp hvort ekki þurfi að „herða svæðisbundið reglur um stærð dragnótabáta og notkun á tilteknum gerðum dragnóta, t.d. inn á fjörðum, og þá einkum í því skyni að koma á meiri sátt milli hagsmunaaðila.“ Er hér með skorað á stjórnvöld

að taka þessi 10 ára gömlu tilmæli til greina og um leið afturkalla sem fyrst leyfi til dragnótaveiða á Skagafirði, a.m.k. innan eyja á firðinum.

**Magnús Jónsson veðurfræðingur  
og fyrrverandi Veðurstofustjóri**

Formaður Drangeyjar, Smábátafélags  
Skagafjarðar

40 ára reynsla í vinnslu og útflutningi á grásleppuhrognum tryggja þér ávallt toppverð og tryggja greiðslur fyrir þinn afla

Jón Ásbjörnsson hf / Fiskkaup hf óskar starfsólki, viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



**JÓL  
2018**



# SKOÐUM SKIPUM LAND ALLT



## ÞÍNIR MENN Í SKIPASKOÐUN -áratuga reynsla

Stefán Hans Stephensen .....	s. 8608378	stefans@frumherji.is
Axel Axelsson .....	s. 8608379	axela@frumherji.is
Einar Hilmarsson .....	s. 8651490	einarjh@frumherji.is
Guðgeir Svavarsson .....	s. 8953102	gudgeirs@frumherji.is
Guðmundur G. Guðmundsson .....	s. 8953103	gudmundurg@frumherji.is
Guðmundur Hanning Kristinsson .....	s. 8608377	hanning@frumherji.is





Veiðistjórnun á grásleppu hefur verið í brennidepli

## Veiðigjald í áttina

Á því ári sem nú kveður hefur margt borið á góma hjá LS. Í upphafi þessa árs ritaði undirritaður grein í Morgunblaðið undir fyrirsögninni „Krafa um breytingar á veiðigjaldi“. Þar var meðal annars getið um þann árangur sem náðst hefði frá því í mars 2017 þegar ljóst var að veiðigjald myndi hækka gríðarlega. Stjórnámálameinn hver um annan þveran, þar meðtalinn forsætisráðherra, sögðu „að koma yrði til móts við litlar og meðalstórar útgerðir“. Svo virtist í þinglok í júní sl. að orð þeirra ætluðu að ganga eftir.

Meirihluti atvinnuveganefndar kynnti frumvarp sem kvað á um leiðréttingu gjaldsins á fiskveiði-árinu. Almenn bjartsýni ríkti því hjá eigendum lítilla og meðalstórra útgerða um leiðréttingu. Það kom því eins og köld vatnsgusa þegar ljóst var að málið kæmist ekki á dagskrá þingsins. Stjórnarandstaðan hafnaði ákvæði frumvarpsins um að leiðréttingin ætti einnig að gilda fyrir stærstu útgerðirnar og samþykkti því ekki að málið yrði lagt fram. Gríðarleg vonbrigði fyrir þann hóp sem almenn sátt var um að leiðrétta

samhliða gremju vegna kröfu stærri útgerða þess eðlis að krefjast sömu breytinga og samhljómur var um að ætti eingöngu að ná til lítilla og meðalstórra útgerða.

Nýju frumvarpi Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um veiðigjöld var útbýtt á Alþingi 25. september sl. Reiknað hafði verið með einhverjum breytingum, en gengið útfrá því að leiðréttingin, sem áður var greint frá, yrði í frumvarpinu. Það jók því sannarlega á vonleysi margra útgerða, þegar hana var hvergi að finna og engar skýringar gefnar hvers vegna ekki hafði verið komið til móts við bókun meirihluta atvinnuveganefndar frá 8. júní sl:

*„Mikilvægt er að við undirbúning nýs frumvarps sjávarútvegsráðherra um veiðigjald verði horft til afkomu greinarinnar og sérstaklega lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem mörg hver hafa átt í erfiðleikum með að takast á við versnandi rekstrarskilyrði. Meirihlutinn telur brýnt að horft verði til afkomutengdra veiðigjalda í raun-*



*tíma og sérstaks þrepaskipts afsláttar sem skili sér fyrst og fremst til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í vinnu við heildarendurskoðun veiðigjalda sem bíður þingsins í haust.“*

Skýringar á því að ekki var að finna leiðréttingu vegna ofgreiddra veiðigjalda hafa ekki verið gefnar. Að lokinni 1. umræðu var málinu vísað til atvinnuveganefndar sem óskaði eftir umsögnum um frumvarpið. Alls bárust nefndinni 36 umsagnir, auk þess sem ráðherra hafði haldið fundi um land allt til að kynna frumvarpið.

Þegar gengið er frá þessari grein (13. desember) hefur atvinnuveganefnd afgreitt frumvarpið og það komið á dagskrá til 3. umræðu sem lýkur með atkvæðagreiðslu um hvort það verði að lögum eður ei. Verði ný lög samþykkt koma þau til framkvæmda 1. janúar 2019 og þá þegar tekur við ný gjaldskrá sem gildir það ár til enda.

Þó leiðrétting á ofgreiddu veiðigjaldi hjá litlum og meðalstórum útgerðum í 17 mánuði hafi ekki skilað sér mun samþykkt frumvarpsins hafa í för með sér umtalsverða lækkun. Atvinnuveganefnd ákvað að breyta afslætti. Í stað 20% og 15% afsláttar að 4,5 milljónum og þaðan að 9 milljónum verður ein afsláttarprósenta 40% að 6 milljóna álagningu. Breytingin hefur í för með sér hærri afslátt fyrir nánast alla aðila sem fengu afslátt frá 1. september 2017.

LS hefur á undanförunum misserum lagt gríðarlega vinnu í að fá leiðréttingu á veiðigjöldum og hefur eins og staðan er nú, fengið nokkra umbun fyrir. Í töflu sem hér fylgir má sjá mismun á veiðigjaldi í þorski, ýsu og steinbít á yfirstandandi ári frá apríl (20% afsláttur) og það sem tekur við 1. janúar næstkomandi (40% afsláttur), miðað er við óslægt.

Veiðigjöld	2018	2019	Lækkun
Þorskur	17,35 kr/kg	8,28 kr/kg	52%
Ýsa	20,13 kr/kg	9,69 kr/kg	52%
Steinbítur	10,24 kr/kg	5,05 kr/kg	51%

Þó hér séu á ferðinni ný lög um veiðigjald er því máli langt í frá lokið. LS mun áfram knýja á um sanngjarnara gjald og að það verði reiknað út frá afkomu hvers útgerðarflokks.



Örn Pálsson á spjalli við Kristján Guðjónsson á Raufarhöfn

## Hvað verður ofan á í strandveiðum?

Mikill darraðardans átti sér stað við breytingar á veiðikerfi strandveiða. Strandveiðimenn eru tilbúnir að styðja þá breytingu að veiðarnar megi stunda að lágmarki 12 daga í mánuði. Þegar hins vegar kom í ljós að sjávarútvegsráðherra setti þann fyrirvara að þegar aflaviðmiðun til strandveiða væri náð yrðu allar veiðar stöðvaðar blossaði upp mikið ósætti meðal manna. Skyldi nú engan undra.

Allt var reynt til að fá ráðherra ofan af ákvörðun sinni og í stað þess að skilyrt var að veiðar yrðu stöðvaðar var komið inn orðalaginu „að heimilt væri fyrir ráðherra“ sem mildaði aðeins málið. Forsvarsmenn LS reyndu hvað þeir gátu að útskýra stöðuna fyrir félagsmönnum og tefldu meðal annars fram útreikningum sem gáfu til kynna að nánast útlokað væri með óbreyttri þátttöku í veiðunum að aflaviðmiðun yrði náð. Það dugði hins vegar ekki til. Los kom á félags-

## Hlutfall línu og trolls í þorski og ýsu

	2017/2018		2016/2017		2015/2016		2014/2015		2013/2014	
	Þorskur	Ýsa	Þorskur	Ýsa	Þorskur	Ýsa	Þorskur	Ýsa	Þorskur	Ýsa
Lína	29,1%	33,1%	31,2%	40,2%	32,6%	39,4%	35,0%	40,6%	34,7%	44,0%
Troll	51,1%	54,5%	47,5%	46,0%	46,6%	48,9%	43,2%	47,4%	43,1%	44,5%

skapinn og okkar ágæta og baráttuglaða svæðisfélag Hrollaugur ákvað að yfirgefa LS.

Af strandveiðunum er það hins vegar að segja að þær gengu víðast hvar nokkuð vel og skiluðu á öllum svæðum meiri afla í hverjum róðri en á árinu 2017. Mestur var munurinn á svæði A.

Einnig var ánægjulegt að sjá að mun fleiri bátar náðu afla yfir 20 tonnum í ár og um helmingi fleiri yfir 30 tonnum nú en á árinu 2017.

Strandveiðar	2018	2017
Fjöldi á strandveiðum	548 bátar	594 bátar
Afli í hverjum róðri	655 kg	622 kg
Með afla yfir 30 tonn	82 bátar	41 bátar
Með afla yfir 20 tonn	229 bátar	205 bátar

Að öllu óbreyttu hefjast strandveiðar 2. maí næstkomandi. Þar sem veiðikerfið 2018 gildi aðeins um það tímabil falla reglur um strandveiðar 2019 til sama fyrirkomulags og var 2017,



# Nýtt líf með áli!

Fjöldmörg hús hafa gengið í gegnum endurnýjun lífdaga með glæsilegum álkjæðningum frá Áltaki.

Kostirnir eru ótvíræðir: Fallegra hús - Ekkert viðhald  
Minni kyndingarkostnaður - Áratuga reynsla.

Ál er okkar mál

Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)







**Makrill.** Eftir dóm hæstaréttar eru heldur betur blíkur á lofti.

verði engar breytingar gerðar á lögum þar um. LS hefur komið skýrum skilaboðum til ráðherra og atvinnuveganefndar að félagið óski eftir að áfram verði byggt á þeim reglum sem giltu síðastliðið sumar. Tryggt að dagarnir verði ekki færri en 48 og að ufsinn teljist ekki í viðmiðun.

### Ályktun aðalfundar 2018 um strandveiðar er eftirfarandi:

1. Strandveiðikerfið verði þróað áfram til að bæta afkomu útgerða strandveiðibáta.
2. Strax á næsta ári verði tryggðir að lágmarki 12 dagar í mánuði í fjóra mánuði innan sex mánaða tímabils.
3. Að landið verði eitt veiðisvæði.
4. Að sérveiðigjald á strandveiðar (50.000) verði strax felld niður.

Viðræður á næstu vikum munu leiða í ljós hvernig umhverfi strandveiða verður á næsta sumri. Mikilvægt er að niðurstaða fáiast sem fyrst, þannig að menn geti skipulagt veiðarnar eins vel og kostur er.

### Línuviltun ná til allra dagróðrabáta minni en 30 brt.

LS hefur til nokkurra ára farið fram á breytingar á línuviltun. Að loknu síðasta fiskveiðiári eru breytingarnar orðnar knújandi, þar sem aðeins 80% af heimildum sem var ætlað til íviltunar nýttust. Fjöldi báta sem nýta línuviltun er aðeins rúmur þriðjungur af því mest var, aðeins 112 bátar á móti 300 á upphafsári línuviltunar fiskveiðiárið 2004/2005.


Línuveiðar eru afar mikilvægar fyrir nýtingu auðlindarinnar. Mesta eftirspurnin og hæsta verðið fæst fyrir línuveiddan þorsk. Veiðarnar eru einstaklega umhverfisvænar og sótspor af ferskum línuveiddum þorski aðeins þriðjungur af því sem togveiðar marka.

Það er áhyggjuefni að á síðasta ári fór hlutfall línunnar í þorskafla niður fyrir 30%, sem er það minnsta sem sést hefur síðastliðin 5 fiskveiðiár. Eins var það með úsuna, þar var hlutfall línuveiðanna aðeins þriðjungur í heildarfla, en hefur verið um og yfir 40%. Á sama tímabili hefur hlutur botnvörpu aukist. Meira en helm-



**Flæktir saman.** Fiskimenn finna leiðir til að greiða úr færflækjum. Mun stjórnámálamönnum ganga það eins vel eftir dóm hæstaréttar?

ingur afla í þorski og úsu var veiddur með botntrolli. Þróunin er á þá leið að sífellt meira af þorski og úsu er veitt með botntrolli. Hlutfall þorsks á síðasta fiskveiðiári var 51% og úsu 55%, en var 43% og 45% fyrir 5 árum.



Greinarhöfundur telur að spyrna verði við fótum gegn þessari þróun. Nýting auðlindarinnar á að færast nær umhverfisvænum veiðum.

Þar hafa kyrrstæð veiðarfæri eins og lína og handfæri yfirburði á við dregin veiðarfæri eins og trollið.

Kostnaður við línuveiðar er hins vegar hærri og því er línuviltun til allra dagróðrabáta réttlæt-anleg og góð viðspyrna til að snúa þessari þróun við.

## Grásleppuveiðar

Talsvert var um andköf meðal grásleppukarla þegar Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lýsti því yfir að hann hygðist endurskoða fyrirkomulag hrognkelsaveiða. Við framkvæmdina yrði bæði horft til stjórnun veiðanna og mögulegar aðgerðir til að draga úr meðafla með hrognkelsaveiðum.

Yfirlýsing ráðherra kom í kjölfar afturköllunar MSC vottunar grásleppuveiða í byrjun ársins og leiða má að því líkum að hún hafi haft sín áhrif á sjónarmið ráðherra. Útselur, landselur og teista sem meðafla við veiðarnar hefðu felld vottunina þar sem fjöldi þessara tegunda hafi farið yfir þau mörk sem staðall MSC heimilar.

LS gagnrýndi harðlega útreikninga Hafrannsóknastofnunar á meðafla, sem unninn var upp úr skýrslum veiðieftirlitsmanna Fiskistofu. Þar hefði lítt verið tekið tillit til útbreiðslu dýra, tímabils sem mælingar fóru fram á, dýpi á veiðislóð, fjölda leyfa á hverju svæði og atferli fugla.

Ráðherra skipaði starfshóp til að fara yfir veiðistjórn á hrognkelsaveiðum. Honum var uppálagt að gera rökstuddar tillögur um breytingar, sæi hann ástæðu til. Starfshópurinn skilaði ráðherra greinargerð um málefnið sem sett var í opið samráðsferli undir yfirskriftinni „Veiðistjórnun hrogn-



# Þykir þér vænt um bátinn þinn?

## Bjóðum upp á hágæða efni frá International



- Perfection háglansandi polyúrepanlakk
- VC 17 Extra Teflon botnmálning sem tryggir minni olíueyðslu og meiri hraða
- Sjálflípandi botnmálning í mörgum litum
- Teflonefni í úðabrusum á drifsköft og skrúfublöð
- Epiglass viðgerðarefni fyrir trefjaplast- og trébáta
- Hreinsiefni og bón fyrir plast og lakk
- Glær lökk og viðarolíur fyrir trébáta

# SérEfni

– tæringarvörn til sjós og lands

kelsa“. Hópurinn tók ekki afstöðu til þess hvort gera ætti breytingar á kerfinu. Úr greinargerðinni:

*„Ef breyta á fyrirkomulagi veiðistjórnunar í grásleppu þá þarf lagabreytingu til. Um það bil 450 bátar hafa réttindi til þess að veiða grásleppu og hafa úmíst geymt þau, veitt sjálfir, leigt þau út eða jafnvel selt þau. Fjárhagsleg verðmæti felast í stærð leyfisins og geta verið á bilinu 120–150 þúsund á hvert brúttótonn. Þá getur markaðsverð á hverjum tíma haft áhrif á verð leyfa. Skoða þarf hvort og þá að hvaða marki réttur til að fá leyfi til að veiða grásleppu er varin af eignarréttar- og/eða atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar.“*

Auk þess sem greinargerðin fór inn í samráðsgátt ráðuneytisins ákvað LS að gera skoðanakönnun meðal þeirra 450 aðila sem hafa rétt til grásleppuveiða. Tilgangur hennar var að varpa ljósi á afstöðu þeirra til veiðistjórnunar á grásleppu. Samið var við Gallup um að hafa samband við þá þar sem spurt var um afstöðu til núverandi fyrirkomulags veiða eða úthlutun aflamarks á grundvelli aflahlutdeildar sem myndi ákvarðast af veiðireynslu síðastliðinna 6 ára (2013–2018), 3 bestu árin valin.

## Óbreytt veiðikerfi 2019

Staða málsins nú er að veiðifyrirkomulag á vertíðinni 2019 verður með sama hætti og verið hefur. Gefnir verða út veiðidagar til bráðabirgða nokkru áður en vertíð hefst og endanlegur fjöldi í byrjun apríl.

Ráðuneytið hefur beðið LS að koma því á framfæri að ráðherra hefur enn til umhugsunar að leggja til breytingar á stjórnun grásleppuveiða, en verði það niðurstaða hans að leggja til kvótasetningu þá verði 2019 ekki viðmiðunarár til aflareynslu á úthlutuðu aflamarki.

LS hefur lagt áherslu á að gerðar verði tvær breytingar á reglugerð um hrognkelsaveiðar. Annarsvegar að heimilt verði að sameina leyfi og hinsvegar að mönnum sé gert mögulegt að gera hlé á veiðum með því að taka upp netin og veiðidagar telji ekki á meðan. Ennfremur vinnur LS að kröfu sinni um að endanlegur fjöldi veiðidaga verði ákveðinn að minnsta kosti einum mánuði áður en vertíð hefst.

## Veiðar á makríl í uppnámi

Mikillar óánægju gætti meðal smábátaeigenda með ákvörðun Sigurðar Inga Jóhannssonar fv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með að

# BJ5000EX

Handfæra vinda  
Fyrsta nýjungin í færaveiðum  
í yfir 20 ár  
Ný hönnun  
Sterkari mótör  
Stærri skjár

**MORENOT**  
ÍSLAND EHF

Skútvogi 12 · Sími: 553-3311 · [www.sjo.is](http://www.sjo.is)





### VHF Talstöð FM-4721

VHF talstöð með innbyggðu DSC. Reiknar út stefnu og fjarlægð í þann stað sem neyðarkall berst frá. Skýr og góður skjár sem birtir siglingaupplýsingar s.s. staðsetningu, stefnu og hraða.



### VHF Talstöð FM-4800 / 4850

**NÝTT**

VHF talstöð með innbyggðu DSC, NMEA2000, GPS og AIS móttakara. Fáanleg sem hefðbundin talstöð (FM-4800) eða sem blackbox útfærslu með skjánum í handtólinu (FM-4850).



### VHF Talstöð RO-6700 / 6800

VHF talstöð með innbyggðu DSC fyrir smábáta (class D). Fyrirferðarlitlar, öflugar og ódýrar stöðvar.



### GPS Móttakari GP-39

Fullkominn GPS með stórum og skýrum tölum á 4,2" lita skjá. Sýnir myndrænt ýmsar upplýsingar t.d. drift og stefnu í leiðarpunkt. Minni fyrir 10.000 leiðarpunkta, 100 ferðaáætlanir og 3.000 ferilpunkta. Styður NMEA 0183. Tólf tungla móttakari.



### GPS Móttakari GP-33

Fullkominn GPS með stórum og skýrum tölum á 4,3" lita skjá. Sýnir myndrænt ýmsar upplýsingar t.d. drift og stefnu í leiðarpunkt. Minni fyrir 10.000 leiðarpunkta, 100 ferðaáætlanir og 3.000 ferilpunkta. Styður bæði NMEA 2000 og NMEA 0183. Tólf tungla móttakari.



### GPS Plotter og dýptarmælir GP-1871F/1971F

**NÝTT**

7" eða 9" vatnspéttur LCD snertiskjár. 30.000 leiðarpunkta minni, 1000 ferðaáætlanir geta verið í minni með 50 punkta hver. Innbyggt GPS loft-net. Notar C-Map 4D sjókort. Raufar fyrir SD minnis- og kortaspjald allt að 32 GB. Birtir AIS upplýsingar. Innbyggður CHIRP dýptarmælir með allt að 1kW sendiorku, stærðargreiningu fisks og botngreiningu.



### Kallkerfi LH-3000

LH 3000 er hágæða 30 W kallkerfi frá Furuno. Hægt er að tengja 2 gjallarhorn við stjórnþæki í brú og jafnframt heyrast talað mál af dekki skýrt og greinilega til baka. Einnig má tengja 4 hátalara víðsvegar um skipið sem hægt er að hringja úr upp í brú. Mögulegt er að tengja útvarp eða geislaspilara við tækið í brúnni og varpa þannig efni út í hátalarana.

kvótasetja makrílveiðar færabáta í júní 2015. Veiðarnar höfðu verið að þróast allt frá því makrillinn hóf komur sínar á veiðislóð smábáta. Á árinu 2010 stunduðu 11 bátar veiðar. Fjórum árum síðar var fjöldi þeirra orðin 121. Kvóta – aflamarki í makríl var úthlutað árið 2015 til alls 192 báta. Rúmur helmingur veiðiheimildanna fór til 23 báta, sem þýddi gríðarlegan niðurskurð í fjölda báta sem kleift var að stunda veiðarnar. Úthlutunin olli miklum vandræðum fyrir þá aðila sem eftir sátu með heimildir sem ekkert var upp úr að hafa. Það varð mörgum smábátaeigendum til bjargar á þessum tíma að sérstakur pottur, um 2.000 tonn til smábáta, fékk að halda sér. Bráðabirgðaákvæði um hann hafa verið fram- lengd en rann út sl. sumrar. LS mun vinna að því að fá ákvæðið endurnýjað. Veiðiheimildir í þessum potti eru í umsjón Fiskistofu sem inn- heimtir gjald fyrir leiguna.

Þann 6. desember sl. dæmdi Hæstiréttur í máli Hugins ehf og Ísfélags Vestmannaeyja hf gegn íslenska ríkinu. Dómurinn viðurkennir að ríkið sé skaðabótaskyldt vegna fjártjóns sem félögin hafa orðið fyrir vegna úthlutunar heimilda til makríl- veiða árin 2011 til 2014. Skyld hefði verið að úthluta veiðiheimildum á þessu tímabili sam-

kvæmt aflahlutdeild sem byggð var á veiðum árin 2008, 2009 og 2010. Fljótt á litið orkar reglugerð sem sett var árið 2015 tvímælis vegna þessa og því kvótasetning smábáta á makríl og þar með heimild þeirra til makrílveiða í uppnámi. Afleiðingar dómsins ná því yfir víðfeðmara svið heldur en skaðabótaskyldu ríkisins til tveggja útgerða.

Það er mitt mat að betra hefði verið fyrir áfrúj- endur, Huginn ehf og Ísfélag Vestmannaeyja hf, að láta kyrrt liggja en að halda af stað í þessa vegferð. Mikið vandaverk bíður nú stjórnvalda og mikilvægt að íhuga vel næstu skref. Verði niðurstaðan sú að áfrújendur kjósi að fá greiddar skaðabætur úr ríkissjóði og önnur fyrirtæki sem telja sig hafa orðið fyrir sambærilegum hagnað- armissi er hægt að reikna þá upphæð upp á 18 milljarða. Í því ljósi munu vakna spurningar um fyrirkomulag makrílveiða og ekki ósennilegt að lög um stjórn fiskveiða geti þar fengið óvægna umræðu.

Að lokum er rétt að vekja athygli á einum vinkli þessa máls, kannski hægt að segja „krókur á móti bragði“.

## Víst skiptir stærðin máli

einmitt þess vegna eigum við Sæplastker í öllum stærðum



**sæplast**

HLUTI AF RPC GROUP

**bsi.**  
FM 651230  
Quality Management System  
– ISO 9001:2015

SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími: 460 5000 • [www.saeplast.com](http://www.saeplast.com)

© Sæplast er skrásett vörumerki RPC GROUP

**RPC**





Áður en aflaheimildum verður úthlutað 2019, samkvæmt aflahlutdeild sem dómur Hæstaréttar sagði byggja á veiðum árin 2008, 2009 og 2010, verði dregið frá útgefnum heildarafla það sem færi til þeirra sem hófu veiðar eftir aflareynsluárin og eru því án aflahlutdeildar samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Til að gera þá leið færa þarf að breyta áður nefndu ákvæði til bráðabirgða við lög um stjórn fiskveiða og auka verulega það magn sem dregið er frá heildarafla áður en kemur til skiptingar afla samkvæmt aflahlutdeild.

Taflan sýnir fjölda stærri skipa sem voru á veiðum á hverju ári 2008 – 2010.


Makríll	Fjöldi
2008	22 skip
2009	28 skip
2010	54 skip

Taflan sem hér fylgir sýnir hlut smábáta í heildarafla, fjölda á veiðum og makrílafla allra skipa frá árinu 2008.

	Smábátar	Fjöldi	Heildarafli	Hlutr smábáta
2008	6,0 Tonn	2	112.336	0,0%
2009	6,7 Tonn	2	116.139	0,0%
2010	180 Tonn	11	120.853	0,1%
2011	304 Tonn	21	153.359	0,2%
2012	1.099 Tonn	17	145.894	0,8%
2013	4.678 Tonn	98	137.631	3,4%
2014	7.466 Tonn	121	153.042	4,9%
2015	3.299 Tonn	57	147.000	2,2%
2016	8.368 Tonn	51	155.655	5,4%
2017	4.800 Tonn	54	159.141	3,0%
2018	3.751 Tonn	48	129.579	2,8%

Örn Pálsson

Sendum sjómönnum sem og landsmönnum öllum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár!







Vatikanið á fögru kvöldi

# Alþjóðadagur fiskveiða 21. nóvember 2018

**A**lþjóðadagur fiskveiða rekur upphaf sitt til Nýju Dehli á Indlandi þann dag árið 1997, þegar fulltrúar smábátaveiðimanna, frumbyggja og fiskverkafólks frá 32 löndum söfnuðust í fyrsta skipti til fundar í þeim tilgangi að stofna alþjóðleg samtök og skuldbinda sig til að berjast fyrir sjálfbærum fiskveiðum í heiminum, ásamt bættum starfsaðstæðum og félagslegu réttlæti þessara aðila.

Til að átta sig á mikilvægi Alþjóðadags fiskveiða er ágætt að hafa í huga hvað kemur fram í gögnum FAO (Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna) á árinu 2016. Þar segir að um 59,6 milljónir manna hafi haft fullt starf, hálf tætt eða að hluta við fiskveiðar og fiskeldi. Þar af er áætlað að 14% séu konur.

Mikill meirihluti þessa fólks er í Asíu (85%), þar á eftir kemur Afríka, Suður Ameríka og íbúar í karabísku hafinu.

Áætlað var að um 171 milljón tonna hafi farið á heimsmarkaðinn og selst í fyrstu viðskiptum fyrir u.þ.b. 320 milljarða Bandaríkjadala. Þá er talið að

u.þ.b. 3,2 milljarðar manna hafi fengið nálægt 20% af sínu dýrpróteini úr fiski.

Á bak við þessar upplýsingar, sem sýna glögglega mikilvægi og framlag fiskveiða- og vinnslu varðandi fæðuöryggi, hagvöxt og baráttuna gegn fátækt liggja mjög mörg krefjandi mál úrlausna. Þannig búa fjölmargir innan þessarar atvinnugreinar við líkamlegt og andlegt ofbeldi. Ótal dæmi eru um þrælkunarvinnu og mansal og mannhvörf á hafi úti.

Þá sést beint samband á milli þessarar misnotkunar og ólöglegra fiskveiða (IUU), notkunar þægindafána og alþjóðlegrar glæpastarfssemi.

Samhliða þessu má ekki gleyma áskoruninni um að viðhalda fiskistofnum, draga úr mengun og öðrum hættum hvað varðar umhverfismál.

Það er undir þessum sársaukafullu aðstæðum sem fiskimenn og fiskverkafólk kalla eftir hjálp og sem kirkja getum við ekki lokað eyrunum og við getum heldur ekki þagað lengur.



**Merki Alþjóðasamtaka fiskimanna og fiskverkafólks.**  
Þau voru stofnuð í Nýju Dehli á Indlandi 21. nóv. 1997.  
Landssamband smábátaeigenda var meðal stofnaðila.

Í tilefni 70 ára afmælis Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna (UDHR) viljum við minna á 4. gr. Mannréttayfirlýsingarinnar:

“Engum skal haldið í þrældómi eða þrælkun; hvers konar þrældómur og þrælaverslun skulu bönnuð. Þrælahald og þrælaviðskipti skulu vera bönnuð”.

## Að auki viljum við minna á 23. gr. sem segir:

1. Allir eiga rétt til atvinnu að frjálsum vali, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða og til verndar gegn atvinnuleysi.
2. Allir skulu, án nokkurrar mismununar, eiga rétt á sömu launum fyrir sömu störf.
3. Allir sem vinnu stunda, skulu bera úr býtum sanngjarnt og hagstætt endurgjald, er tryggt þeim og fjölskyldum þeirra mannsæmandi líf skjör. Þeim ber og önnur félagsleg vernd, ef þörf krefur.
4. Allir hafa rétt til að stofna stéttarfélög og ganga í þau til verndar hagsmunum sínum.

Þessi grundvallarréttindi á vinnumarkaði eru mannréttindi og þau eiga að vera réttindi fiskimanna líka!

Meðvituð um margvísleg vandamál sjávarútvegsins hafa aðildarríki sérhæfðra stofnana Sameinuðu þjóðanna samþykkt nokkur alþjóðleg tæki sem gætu, ef þau yrðu fullgild af öllum ríkjum, breytt verulega lífi fiskimanna og fiskverkafólks ásamt fjölskyldum þeirra til hins betra, ásamt bætandi áhrifum á fiskveiðaaauðlindirnar.



# Umbúðamiðlun ehf

s: 555 6677

umb.is

Óskum sjómönnum til hamingju með daginn







Sjávarútvegurinn er staðráðinn í að leysa þessi vandamál með vöruvottun, en hið borgaralega samfélag og neytendur hvetja smásala til að vera ábyrga í viðskiptum sínum og að nýta áreiðanleikakannanir á framleiðsluferlum og framboði.

## Hinsvegur

Af því sem birtist í fjölmiðlum virðist hinsvegur að þrátt fyrir allar þær frásagnir sem borist hafa um þetta hrikalega misrétti virðist það litlu breyta þeirri staðreynd að fjöldi þeirra ríkja sem fullgilt hafa sáttmálann er enn mjög lágt og enn eru til staðar svæði þar sem sjávarútvegurinn þjáist af miskunnarleysi ráðandi hagsmunaaðila.

Sem kirkja minnum við á áminningu Francis páfa þess eðlis að taka fólk fram yfir hagnað... „að baki hvers starfs er manneskja“.

Miðlægi núverandi fjármálakerfis miðað við raunhagkerfið, er ekki tilviljun. Að baki þess liggur sú ranga ákvörðun að peningar búi til peninga. Raunvörulegir peningar verða til með vinnu. Það er vinnan sem göfgar manninn, ekki peningar.

Á sama tíma og við fögnum Alþjóðadegi fiskimanna og fiskverkafólks ætlumst við til aukinnar vitundar um stöðu þeirra og að skapaðar séu grundvallarbreytingar í lífi þeirra. Við áköllum alþjóðlegar stofnanir um að taka höndum saman um að leggja til hliðar ágreiningsefni og þróa leiðarvísa í átt að víðtækri fullgildingu og framkvæmd hinna alþjóðlegu verkfæra. Þetta samstarf á að eiga sér stað á hvort heldur heimsvísu eða svæðisbundnið og tryggja þátttöku borgaralegs samfélags, iðnaðar, smásala, frjálsra félagasamtaka, stéttarféлага og kirkjunnar.


Með sameiginlegu átaki getum við stöðvað mansal og nauðungarvinnu á sjó, bætt vinnuskilyrði og barist gegn ólöglegum fiskveiðum í þeirri von að skapa sjálfbæran, umhverfisvænan og efnahagslega lífvænlegan sjávarútveg.

Þetta er gríðarleg áskorun en jafnframt eina vonin. Við þurfum að leggja alla áherslu á alþjóðlega viðurkenningu mannréttinda og frelsis í sjávarútveginum.

**Peter K.A. Turkson**  
kardináli



# ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?



Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skipprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið [saebjorg@landsbjorg.is](mailto:saebjorg@landsbjorg.is)



Er verðmyndun fisks á Íslandi eðlileg?

# Maður er nefndur Jón Bjarnason

**H**ann er ekki endilega allra og fer sínar eigin leiðir. Í ráðherratíð sinni tók hann stórar ákvarðanir sem höfðu meiri áhrif en menn hugðu í fyrstu. Helst má þar nefna strandveiðarnar og þá ákvörðun að taka hluta aflahlutdeilda í makríl út úr aflamarkskerfinu. Að við tölum svo ekki um skötu-selinn og frjálsar veiðar á úthafs-rækju. Fyrir ákvarðanirnar fékk hann ekki alltaf hlýjar kveðjur og þótti sumum að sér vegið og af sér tekið, verðmæti sem þó eru ekki í þeirra eigu heldur þjóðarinnar, eða hvað!

Margra ára málaferli sýna það að til eru þeir landsmenn sem telja sameign þjóðarinnar vera í einkaeigu. Það sem verra er að nú er Hæstiréttur landsins að einhverju leiti farinn að taka undir þá skoðun.

Látum af sagnfræði skoðun. Það sem á mér brennur snýr að formennsku minni í Samtökum fiskframleiðenda, þ.e. aðgengi fiskvinnsla að hrá-

efni, eðlileg verðmyndun á hráefni og gæði fisksins. Þjóðarhagur er einnig hugtak sem of sjaldan ber á góma í umræðum um aflamarkskerfið. Hámarksþjóðarhags hlýtur að vera lokamarkmiðið sem stefnt er að með eins litlum hliðarskrefum og mögulegt er. Við verðum að tryggja að sem hæst verð fái fyrir auðlindina, íbúum landsins til hagsbóta.

Hversu góður er fiskmarkaðurinn á Íslandi? Er verðið rétt eða annað hvort of hátt eða of lágt? Sitt sýnist hverjum en í mínum huga er verð á frjálsum markaði alltaf rétt. Verðið endurspeglar þann punkt þar sem framboð og eftirspurn mætast. Hitt er svo annað að menn blanda alltof oft saman þessu jafnvægi til skamms tíma annarsvegar og til langs tíma hinsvegar. Strandveiðar til að mynda styrktu til muna framboð af þorski yfir sumarmánuðina. Mánuðina sem sala á ferskum fiskafurðum hefur aukist stórlega. Strandveiðisjómönnum hefur örugglega oft þótt verðið í ósamræmi við væntingar. Ég vil hér



hvetja til þolinmæði. Mörg fyrirtæki byggja vinnslu sína yfir sumarmánuðina á framboði á þessum fiski í gegnum fiskmarkaði. Eftir því sem styrkur og fjöldi þeirra eykst helst það í samhengi við eftirspurnina. Afleiðing þess er herra og stöðugra verð fyrir sjómenn. Súnum þolinmæði, fræðin segir að verðmæti hráefnisins er mest, næst uppsprettunni.

Af hverju er eftirspurnin ekki sterkari? Fjölmíðlar hafa undanfarin misseri flutt fréttir af því að stórum fiskvinnslum hafi verið lokað víðsvegar um landið með þeim afleiðingum að fjöldi starfa hafi glatast. Óþarfi er hér að nefna nokkur nöfn en ljóst er að ef skoðaður er listi yfir stærstu kaupendur á fiskmörkuðum landsins þá hefur mikil breyting orðið. Þeir aðilar sem stærstir hafa verið síðasta áratuginn eru það ekki lengur.

Aðilum sem kaupa fisk og flytja hann óunninn úr landi hefur helst vaxið fiskur um hrygg. Hið háa Alþingi verður hér að stjórna för. Ef þróunin heldur svona áfram mun síaukið magn af óunnum fiski flæða úr landi. Þekking og reynsla mun þannig hverfa og Ísland færast nær því að verða hráefnisuppspretta. Umræða um tækni-framfarir er nánast hláleg í þessu samhengi en það skiptir engu máli hversu miklar þær verða ef tugir þúsunda tonna af óunnum fiski verða áfram flutt úr landi.

Jón Bjarnason hefur lengi haft skilning á mikilvægi vistvænna veiða. Hugtök eins og kolefnisspor, endurnýjanleiki og hrein uppspretta munu sífellt verða meira áberandi í umræðunni á næstu árum.



*Arnar Atlason formaður SFÚ og fiskverkandi*

Í mínum huga verðum við að hafa trú á mikilvægi landvinnslu, strandveiðum og fiskmörkuðum sem selja hráefni í frjálstu umhverfi á Íslandi.

Það er ekki víst að þjóðarhag sé best borgið með því að halda áfram á þeirri braut sem við nú erum á, braut þar sem fyrirtækjum fækkar stöðugt og aflí læsist í ríkara mæli inn í kerfi sem er utan eðlilegrar verðmyndunar. Við verðum kannski, eins og Jón, að sætta okkur við að skoðanir okkar eru ekki endilega allra.

**Arnar Atlason**

Formaður Samtaka fiskframleiðenda og  
útflýjtjenda  
Framkvæmdastjóri Tor fiskvinnslu, Hafnarfirði

**Brimfaxi sendir félagsmönnum sem og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár!**

# Brimfaxi



## Indland: ýmsar upplýsingar

- Indland er annað fjölmennasta ríki veraldar á eftir Kína með u.þ.b. 1,3 milljarða íbúa.
- Landið er 3,3 milljónir km<sup>2</sup> og því 7. stærsta ríki heims.
- Höfuðborgin er Nýja Delhi og þar búa hátt í 19 milljónir.
- Indverska strandlengjan er um 8200 km og landamæri þess liggja að 6 löndum; Bangladesh, Butan, Burma, Kína, Nepal og Pakistan.
- Á Indlandi eru töluð 22 megin tungumál auk fjölmargra annarra.
- Indland er þriðja stærsta hagkerfi heims á eftir Bandaríkjunum og Kína.
- Indland er stærsti framleiðandi mjólkur og belgjurta í heiminum og framleiðir næstmest allra af hrísgrjónum, hveiti, sykurreyr, grænmeti og bómull, svo eitthvað sé nefnt. Þá eru Indverjar mjög stórir á sviði fiskveiða, kryddframleiðslu og kjúklingaframleiðslu.
- Erfitt er að afla gagna um hversu mikið Indverjar veiða árlega, en trúlega er það í kringum 5 milljón tonn úr hafi og á annað hundrað þúsund tonn úr ám og ferskvatni.



## PS5002 VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli



### VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli

**Fjölpátta flotgalli með tvöfaldri einangrun sem hentar vel við íslenskar aðstæður. VIKING PS5002 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til staðals og meira til. Flotgallinn er með innbyggt flot í baki sem gerir það að verkum að þú getur notað hann án björgunarvestis, það getur skipt sköpum við neyðaraðstæður!**

- Flotgallinn er samþykktur af SOLAS og Siglingastofnun Íslands
- Flot innbyggt í baki
- Marglaga einangrun
- Stillingaról fyrir misjafnar stærðir
- Losanlegir hanskar auðvelda þér að fara í gallan
- Hífilína, félagalína ásamt neyðarljósi
- Fáanlegur í lofþéttum umbúðum
- Stærð: 140-200 cm  
Yfirstærð: 190-210 cm

**Má nota án  
björgunarvestis**





Af erlendum vettvangi: Indland

## Staða smábátaveiða á Indlandi: áskoranir og leiðin fram á við

**S**mábátaveiðar á Indlandi gegna mikilvægu hlutverki hvað varðar öflun matvæla, fæðuöryggis, sjálfbærra lífnaðarháttanna og í baráttunni gegn fátækt. Indlandsskaginn með sína 8118 km strandlengju hefur haldið uppi öflugum smábátaveiðum í fjölmargar kynslóðir.

Indland er að auki auðugt af stöðuvötnum og ám og fiskveiðar eru eftirsóknaverðar fyrir þá sem búa í afskektum héruðum. Á Indlandi eru 195.210 km af ám og skurðum og yfir 73 þúsund km<sup>2</sup> af stöðuvötnum.

Smábátaveiðarnar framfleyta tæplega 14,5 milljón manns og skapa yfir 40 milljónum mikilvæg störf.

Framleiðsla fiskafurða hefur aukist í heildina, en í prósentum virðist hún stöðnuð og jafnvel að dragast saman. Þrátt fyrir þetta er Indland í öðru sæti í heiminum hvað varðar fiskveiðar, á eftir Kína. Um það bil 5% af þjóðarframleiðslu Indlands kemur frá fiskveiðum. Þau svæði sem skila mestu hvð varðar smábátaveiðarnar eru Andhra

Pradesh, vestur Bengal, Gujarat, Kerala og Tamil Nadu.

Samkvæmt opinberum gögnum eru u.þ.b. 53 þúsund catamaran bátar (tvískrokka), yfir 73 þúsund vélknúinir „hefðbundnir“ bátar og tæplega 73 þúsund vélknúinir bátar þess utan. Fjöldi báta er þú mun hærri en opinberar tölur segja til um.

Þessi gríðarlegi fjöldi báta sýnir glögglega mikilvægi smábátaveiðanna á Indlandi. Að auki er vitað um a.m.k. 3400 staði þar sem veiðar hafa verið stundaðar til langs tíma með kastnetum. Þar er fátækt ríkjandi.

Fiskur er órjúfanlegur hluti fæðunnar á Indlandi og mikilvægur hluti þess dýrpróteins sem milljóinir indverskra fjölskylda reiða sig á.

Konur gegna hér mikilvægu hlutverki, bæði í veiðunum, en miklu frekar í vinnslu afurðanna.

Þrátt fyrir þetta mikilvæga framlag smábátaveiðanna mæta þær mjög takmörkuðum skilningi



Volvo Penta á Íslandi

# VELDU ÖRYGGI, AFL OG ÁREIÐANLEIKA

*Sendum sjómönnum og fjölskyldum heirra  
okkar bestu jóla og nýárskveðjur!*



Gæði, öryggi, hagkvæmni, ending og áreiðanleiki eru aðalsmerki Volvo atvinnutækja. Sérþekking og löng reynsla er meðal starfsmanna Volvo atvinnutækja á Íslandi. Rekstraröryggi Volvo atvinnutækja skiptir máli og því leggjum við ríka áherslu á vel tækjum búið atvinnutækjaverkstæði og að þar starfi vel þjálfaðir og öflugir fagmenn sem vilja að viðskiptavinir okkar nái framúrskarandi árangri eins og við. Volvo atvinnutækjasvið er einnig með sterkt net þjónustuaðila um land allt.

**Starfsemi Volvo atvinnutækjasviðs er flutt að Hádegismóum 8 í Árbæ undir nafninu VELTIR.**

#### **Hafðu samband í dag**

Hafðu samband við sérfræðinga okkar varðandi Volvo Penta með því að hringja í síma 510 9100 eða sendu okkur fyrirspurn á [volvopenta@veltir.is](mailto:volvopenta@veltir.is) eða komdu til okkar í kaffi til að ræða málin í nýrri glæsilegri þjónustumiðstöð okkar að Hádegismóum 8. Hjá okkur starfar framúrskarandi teymi fagmanna sem búa yfir áratuga reynslu í söluráðgjöf og þjónustu við Volvo atvinnutæki.

**VELTIR**

Volvo Penta á Íslandi  
Veltir  
Hádegismóar 8  
Sími 510 9100  
[volvopenta.is](http://volvopenta.is)

**VOLVO  
PENTA**



*Strandveiðin er talsvert ólík því sem Íslendingar eiga að venjast. Hér byggist veiðiskapurinn á flóði og fjöru.*

á Indlandi. Í mótun fiskveiðistefnu er mikilvægi þess að viðhalda þeim lítilsvirt. Fiskimenn og konur standa frammi fyrir gríðarlegum áskorunum. Vegna fátæktar og lélegrar félagslegrar stöðu heyrast raddir þeirra lítið við stefnumótun sjávarútvegsins. Í dag standa smábátaveiðimenn frammi fyrir algerrri kreppu. Við fátækt og mismunun bætast veðurfarsbreytingar, hnignun fiskistofna og þar af leiðandi minnkandi afli.

Aðgengi og stjórnun náttúrulegra auðlinda hefur verið stöðugt vandamál fyrir fátæka fiskimenn, sem nú standa frammi fyrir hindrunum varðandi aðgengi að sjó og strönd þar sem þeir gera sett

báta og þurrkað netin sín. Ástæðan er að „sérstök efnahagsleg ferðmannasvæði“ eru að taka yfir strandlengjuna ásamt ýmsum öðrum iðnaði. Þá eru reglur til um að togveiði sé bönnuð nálægt ströndinni en viðurlög gagnvart brotum eru afar veikburða.

Hin félagslega staða þessara fiskimanna er hörmuleg. Öll opinber kerfi eins og ellilífeyrir er háður skilyrðum sem falla illa að þeirra lífnðarhättum. Aldursmörkin eru 60 ár og fæstir geta stundað fiskveiðarnar svo lengi.

**VSV**  
VESTMANNAEYJAR  
ICELAND

*Gledileg Jól*

Vinnslustöðin óskar starfsmönnum sínum til lands og sjávar, Vestmannaeyingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með ósk um farsæld, frið og gæfu á nýju ári.

VINNSLUSTÖÐIN HF HAFMARGATA 2 900 VESTMANNAEYJAR VSV@VSV.IS WWW.VSV.IS



Ofan á allt þetta bætist að að þeir geta lent í meiriháttar erfiðleikum með að fá viðurkenningu á því að þeir séu yfir höfuð fiskimenn. Þannig getur það tengst eignarhaldi á bát og í mörgum tilfellum eru konurnar ekki „eigendur“, sem flækir mál enn frekar. Þá er að auki staðreynd að fiskmenn og konur hafa ekki fullnægjandi hreinlætisaðstöðu við vinnslu og sölu á markaði. Auk þess skortir fullnægjandi úrræði varðandi flutninga og margir flutningsaðilar neita að flytja fyrir þá vegna t.d. lyktar af fiski.

Þá hafa fiskimennirnir takmarkaða þekkingu á markaðssveiflum og því hvernig má auka virði aflans.

Önnur hlið sem lítt er skoðuð er sú staðreynd að þegar ættingjar og vinir hverfa í hafið er oftast ekki útilokað að finna jarðneskar leifar þeirra. Í slíkum tilfellum eru aðstandendur neyddir til að bíða í 10 ár eftir ekknalífeyri.

Margir fiskimanna eru í raun flóttamenn innanlands. Þegar þeir koma sér fyrir á nýjum svæðum er oft erfitt fyrir þá að fá nauðsynlegan stuðning frá viðkomandi sveitarfélögum. Til staðar er verkefni þar sem skálar (íverustaðir) eru reistir, en innrás stórfyrtækja gerir að verkum að þeir missa þessa aðstöðu sína sífellt hraðar.

Hækkandi eldsneytisverð bætir ekki úr skák, né skortur á samhæfingu ríkisstofnana. Svo undarlegt sem það er, er ekki sérstakt ráðuneyti um sjávarútveginn, þrátt fyrir að hann leggi til 5% af þjóðarframleiðslunni. Þá er rödd smábátaveiðimanna sú veikasta innan sjálfstjórnunarsvæðanna.

Að frumkvæði World Forum of Fish Harvesters og Fish Workers (WFF) var á árunum 2016-2017 skipulagðir nokkrir vinnuhópar smábátaveiðimanna á Indlandi. Að auki voru skipulagðir vinnuhópar þar sem fiskimenn frá nágrennslöndum Indlands komu saman og deildu reynslu sinni. Frá þessum samráðfundum komu eftirfarandi kröfur:

**1.** *Virða, vernda og tryggja réttindi hefbundinna strandveiðisamfélaga sem og fiskimið þeirra og aðrar auðlindir með hliðsjón af mikilvægi fiskveiðanna, menningu samfélaganna og lífsviðurværi.*



*Svona búa fjörmargir indverskra fiskimanna.*



*Við sólsetur á indverskri strönd*

- 2.** *Viðverkna og vernda réttindi lítilla fiskibáta til veiða og markaðssetningar. Jafnframt að setja í lög þróun fiskimjölsmiðja.*
- 3.** *Lögfesta hið fyrsta fiskveiðistjórnun innan efnahagslögsögunnar í samræmi við reglur FAO um sjálfbærar veiðar smábáta. Jafnframt að banna yfirtöku á hafsvæðum og tryggja aðgang smábátaveiðimanna að hafinu.*
- 4.** *Smábátaveiðisamfélagunum skuli tryggt öruggt, réttlátt og félagslegt réttarkerfi varðandi fiskveiðarnar.*
- 5.** *Ákvæði reglna FAO um sjálfbærar smábátaveiðar skuli beitt til að koma í veg fyrir ofveiði. Takmarka skuli eignarhald eins aðila á fjölda fiskibáta og hægt sé að takmarka fjölda fiskibáta á viðkomandi svæði.*



*Indverskur fiskimaður á leið til veiða. Stærstur hluti indverskra smábátaveiða er afar frumstæður á íslenskan mælikvarða.*

6. Virkja lagaheimildir sem banna notkun veiðarfæra sem hafa eyðileggjandi áhrif á umhverfið í hafinu, eins og t.d. botn-trollsveiðar.
7. Lögfesta verndun strandsvæða á landsvísu ásamt því að vernda vistkerfi sjávar, berjast skuli gegn eyðileggingu búsvæða sem og vatnsaflavirkjana.
8. Að breyta lögum í héraði svo reglum FAO um sjálfbærar veiðar smábátaveiðimanna sé auðveldara að framfylgja. Að viðurkenna með lagalegri skilgreiningu rétt smábátaveiða samkvæmt landslögum.
9. Að þróa löggjöf sem viðurkennir fiskveiðiréttindi sem mannréttindi.
10. Taka upp nýja löggjöf sem lýtur að úrvinnslu sjávarafurða.
11. Að fullgilda fiskveiðisamning Alþjóða vinnuálastofnunarinnar (ILO).
12. Að fullgilda fiskveiðistefnu í samræmi við sjálfbær þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
13. Að þróa stefnu sem miðar að jafnrétti kynjanna, þar sem tekið er tillit til sérþarfa kvenna.

Fjöl margar rannsóknir gefa til kynna að einungis smábátaveiðar eigi við um framtíð fiskveiða við Indland. Áskorunin er sú hvernig finna má því farveg að fiskimönnunum á ströndum Indlands vegnist vel.

## Um greinarhöfund

**Ujjaini Halim** er fæddist í Kolkata á Indlandi árið 1972 og ólst þar upp.

Hún býr þar enn, en eyðir löngum stundum að heiman vegna starfa sinna. Hún er framkvæmdastjóri IMSE (Institute for Motivating Self Employment), stofnunar sem vinnur við að aðstoða og hvetja fólk til að skapa sér eigin atvinnu. Í samvinnu við héraðsstjórnir vinnur stofnunin einnig að réttindamálum og félagslegum jöfnuði.

Ujjaini er aðalráðgjafi Verkalýsfélags fiskimanna á Austurströnd Indlands, sem samanstendur af smábátaveiðimönnum. Samtökin hafa starfað s.l. 20 ár.

Ujjaini Halim var gjaldkeri Alþjóðasamtaka strandveiðimanna og fiskverkfólks (WFF) til nokkurra ára og er í dag í framkvæmdaráði samtakanna f.h. Asíu.





*Starfsfólk Skeljungs óskar  
landsmönnum gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs*





**Jóhannes Simonsen formaður Sæljóns – félags smábátæigenda á Akranesi:**

## „Fyrirhugaðar svæðalokanir í Faxaflóa munu endanlega drepa smábátaútgerð á Skaganum“

**U**ndanfarin tvö ár hefur Jóhannes Simonsen gegnt formennsku í Sæljóni – félagi smábátæigenda á Akranesi. Brimfaxi tók hann tali nú á aðventunni. Við báðum hann fyrst um að segja deili á sjálfum sér:

„Ég er fæddur í Þórshöfn í Færeyjum „Tórshavn“ í febrúar 1965. Eftir að ég var búinn með menntaskólann fór ég í smá heimsókn til Íslands. Það var 1985. Þá kynntist ég Þórdísi Skúladóttur sem er konan mín í dag. Ég flutti til Íslands og Akraness og var tvö ár á togaranum Skipaskaga AK. Síðan var mér boðið pláss á frystitogaranum Örvari HU á Skagaströnd. Þá var það talið eitt besta pláss á togara eða frystitogara á Íslandi. Ég tók því og var þar frá 1988 til 1997. Þá ákvað ég að fara í nám í vélaverkfræði í Árósum í Danmörku. Ég kláraði það nám. Fljótlega upp úr aldamótum 2000 hóf ég svo störf hjá Ingólfi Árnasyni í sjávarútvegstæknifyrirtækinu Skaganum hér á Akra-

nesi. Það fyrirtæki var þá tiltölulega nýtt. Þar hef ég unnið síðan, í ein 18 ár nú að telja.“

### Alla tíð tengdur sjónum

Jóhannes hefur þannig tekið þátt í iðnaðarævin-týrinu sem nú heitir Skaginn3X. Það fyrirtæki er löngu þekkt fyrir tækjabúnað sinn fyrir skip og fiskvinnslur í landi. Í dag er það með framleiðslu á búnaði á Akranesi og Ísafirði. Viðskiptavinirnir eru út um allan heim. „Ég starfa í dag við að hanna þann búnað sem Skaginn3X framleiðir. Þannig séð má segja að ég sé mjög tengdur við sjávarútveginn. Ég hef reyndar verið það alla tíð,“ segir Jóhannes. „Ég hef alltaf átt eigin smábát undir sex metrum, eiginlega allt frá því ég man eftir mér, sem ég hef notað til að veiða í soðið.“

Sjómennska og sjósókn hefur þannig ávallt blundað í Jóhannesi þó hann hafi á sínum tíma



tekið þá ákvörðun að mennta sig svo hann kæm-  
ist í land. Þessi áhugi varð til þess að hann  
ákvað með Marínó syni sínum fyrir þremur árum  
síðan að festa kaup á strandveiðitrillunni Glódísi.  
„Fyrsta sumarið sem við gerðum hana út, 2016,  
voru fáir dagar sem við gátum notað til róðra en  
við fengum þó 16 tonn í heildina. Sumarið 2017  
vorum við svo með 26 tonn. Þá byrjuðum við ekki  
fyrir en 1. júní. Við höfðum fengið leyfi til grjót-  
krabbaveiða í Faxaflóa. Þetta var tilraunaveiði-  
skapur á nýrri tegund á Íslandmiðum en það  
gekk ekki. Vandamálið með grjótkrabbann er að  
það finnast eiginlega engir kaupendur. Við  
vorum þó með þetta leyfi í tvö ár og lönduðum  
nokkrum kröbbum, segir Jóhannes og hlær:  
„Þetta var ekkert nema kostnaðurinn.“

## Feðgar í útgerð

Besta strandveiðivertíð þeirra feðga til þessa var  
svo nú í sumar. „Við veiddum alls rétt rúm 30  
tonn þó dögnum hefði fækkað frá 2017.“ Til-  
högun þeirra er sú að skiptast á að vera með  
bátinn á strandveiðunum. „Marínó er annars sjó-  
maður í fullu starfi. Hann er nú að róa með  
Eymari Einarssyni skipstjóra og útgerðarmanni á  
Ebba AK. Þeir eru á línu og gengur vel. Annars  
hafa þeir stundað veiðar á sæbjúgum í Faxafló-  
anum. Þegar þeir á Ebba fara í sumarfrí þá tekur  
Marínó svo við Glódísinni fyrstu tvo mánuði  
strandveiðatímabilsins og síðan tek ég restina.  
Þetta er mitt sumarfrí frá vinnunni hjá Skag-  
anum3X. Það er ekki hægt að slíta sig frá sjónum  
og þetta er ágætis líkamsrækt.“

Síðan þeir feðgar keyptu Glódísi hafa þeir lagt  
töluverða vinnu í að endurbæta bátinn. Hann er  
nú palldekkður með góðu þilfarsplássi, lúgum í  
þilfari og sérsmíðuð kór undir. „Við fullnýtum  
þannig lestarrýmið. Síðan erum við búnir að  
setja nýja og stærri vél í bátinn. Glódís er síðan  
vel tækjum búinn í brú, það er tvöfalt af öllu. Tvö  
siglingatæki, tveir dúptarmælur og tvær tal-  
stöðvar.“

Þegar við skoðum þennan fallega og vel búna  
bát kemur fram í máli Jóhannesar að þeir feðgar  
hafa meiri áætlanir á þrjónunum. „Það er svona í  
deigluinni að stækka við okkur, strákinn langar til  
að gera út sjálfur og ég stend með honum í því.“

## Mikil hnignun í útgerð á Akranesi

Eins og kom fram í upphafi viðtalsins þá hefur  
Jóhannes Simonsen gegnt formennsku í Sæljóni  
síðustu tvö árin. „Ég svo líka formaður  
Sjóstangveiðifélags Akraness,“ hlær hann við  
þegar við byrjum að ræða félagsmálin.



Jóhannes við Glódísina í höfninni á Akranesi

Mynd Magnús Þór

Sem formaður hagsmunafélags smábátæigenda  
á Akranesi má segja að hann sé nú í forsvari fyrir  
félag sem veikist ár frá ári. Útgerð á Akranesi er  
vart svipur hjá sjón miðað við það sem áður var  
þegar höfnin iðaði af lífi þar sem bæði smábátar  
og stærri fiskiskip komu og fóru alla daga ársins.  
Fyrir nokkrum árum var Haraldur Böðvarsson eitt  
stærsta og blómlegasta útgerðarfyrtæki lands-  
ins. Það hvarf þegar fyrirtækið var sameinað í  
HB Granda. Nú er aðeins lítils háttar landvinnsla  
á fiski á Akranesi samanborið við það sem áður  
var. Smábátum hefur einnig fækkað mjög. Fisk-  
markaðurinn er enn opinn en rekstur hans hefur  
gengið brösótt vegna þess hve lítill afli berst á  
land.

„Jú, það hefur dregið mikið úr hér á Skaganum  
og virðist enn vera að dragast saman,“ segir  
Jóhannes aðspurður um þessa þróun. Hann bætir  
við: „Nú þegar við erum að tala saman er útlit  
fyrir að enn einn smábáturinn sé að hverfa úr  
bænum. Það eru menn að vestan að skoða hann




*Glódís AK 99 glæsilegur fulltrúi strandveiðiflotans*

með kaup í huga. Nei, þetta lítur ekki gæfulega út. Nú er aðeins 15 tonna kvóti eftir í krókakerfinu á Akranesi, allt á einni útgerð. Það svo einhver kvóti hér á smábátum í stóra kerfinu. Þetta er ekki gott ástand.“

## Svæðalokanir mikil ógn

Ljósasti punkturinn í smábátaútgerðinni á Akranesi nú um stundir felst í grásleppuveiðunum. „Það eru nokkrir grásleppubátar hér á Skaganum. Ætli það séu ekki einar fimm útgerðir. Það má segja að hrognkelsaveiðarnar séu það sem gengur nú hvað best í útgerðinni hér á Akranesi. En þar eru menn þó að glíma við að bestu veiðisvæðin út af Mýrum eru lokuð stóran hluta úr sumri. Nokkrir æðarbændur þar hafa náð því í gegn með lobbýisma að fá veiðislóðum þar lokað fyrir grásleppuveiðum því þeir fullyrða að það drukni svo mikið af fugli í netunum. Við hjá Sæljóni erum að vinna í því að reyna að fá því banni aflétt.“

Hér komum við að því sem Jóhannes telur að nú sé helsta ógnin við smábátaútgerðina á Akranesi. Það eru stjórnvaldsaðgerðir sem gætu hreinlega og endanlega gengið af henni dauðri. Nújustu vendingar í málum sem snerta lokanir á veiðisvæðum smábáta eru þær að haustið 2015 skip-



**Almanak**  
Háskóla Íslands 2019

**Almanak (ásamt Árbók)**  
Þjóðvínafélagsins 2019

Fást í helstu bókaverslunum um land allt

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N  
haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003





*Er þetta framtíð smábátaútgerðar við Faxaflóa? Það er engu líkara en að innan stjórnsýslunnar sé þetta draumurinn..*

aði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að gera faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum. Starfshópurinn skilaði þann 5. september sl. af sér 190 síðna langri lokaskýrslu um störf sín. Hana má finna á vef Stjórnarráðsins. Byggt á innsendum tillögum og athugasemdum sem og gögnum um skyndilokanir á grunnslóð vegna línu- og handfæraveiða á undanförunum árum leggur starfshópurinn til að fjölda svæða verði lokað með reglugerð sem gildi tímabundið til tveggja til þriggja ára. Árangur lokananna verði svo metinn að þeim tíma liðnum.

## Yrði dauðadómur

Formanni Sæljóns líst illa á þessar tillögur. „Menn eru þarna að gæla við það að vera bara með fastar árstímabundnar lokanir umhverfis landið óháð öllum mælingum á fjölda undirmálsfiska. Við hér á Akranesi erum hins vegar alfarið á móti því að það sé yfir höfuð stundaðar svæðalokanir gegn bátum sem veiða með handfærum. Slíkt á hvergi rétt á sér og er hvergi gert í heiminum. Þeir settu fram tillögur um miklu víðfeðmari lokanir á okkur hér í Faxaflóa heldur en gert

er annars staðar við landið. Hér er talað um að loka seinni hluta sumars, frá Þormóðsskeri, við Hjörsey og alveg út á Arnarstapa og lengst út á Búðagrunn. Svo er líka lagt til að loka Hvalfirðinum á besta tíma. Manni hefur næstum dottið í hug að það hafi verið gert vegna þess að við hér á Sæljóni mótmæltum þessu kröftuglega allt frá fyrstu stundu. Ef verður af þeim fyrirhuguðu lokunum sem kynntar hafa verið í Faxaflóa þá mun það þýða að smábátaútgerð hér á Akranesi leggst endanlega af. Það er nokkuð öruggt. Ástæðan er einfaldlega sú að þá munu menn loka okkar bestu veiðisvæðum,“ segir Jóhannes Simonsen að lokum.

Þess skal svo getið að Landssamband smábátaeigenda (LS) samþykkti á aðalfundi sínum 18. og 19. október sl. harðorð mótmæli gegn „öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum eins og fram koma í skýrslu starfshóps um faglega endurskoðun varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum.“

**Viðtal: Magnús Þór Hafsteinnsson**

# Frumkvöðullinn – upphaf makrílveiða á Íslandi



Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hugins ehf



Makrillinn var af ýmsum stærðum og ljómandi vel á sig kominn.

**Rekja má upphaf makrílveiða á Íslandi** til ársins 2003, þegar Hermann Kristjánsson í Vestmannaeyjum, skipstjóri á smábátnum Sjöfn VE, hóf tilraunir með að veiða hann á handfæri. Næstu tvö sumur hélt hann áfram veiðum, en svo ekki söguna meir. Hermann sagðist hafa verið í basli með að losna við aflann þar sem hann taldi

að ekki nokkur maður vildi kaupa hann á fiskmarkaðinum og ákvað því að gefa hann Thailendingum sem hann þekkti í Eyjum, sem tóku honum fagnandi, kunnu gott að meta! Restina frysti hann og notaði í beitu.


**Í viðtali við Fiskifréttir 15. desember 2003 segir Hermanni svo frá:**

„Eflaust má veiða ágætlega af makríl á sumrin við suðurströndina ef maður gerfur sér góðan tíma. Makrillinn er með lítinn sundmaga og er sprettharður fiskur og það lóðar illa á hann og erfitt að hafa uppi á honum. Ég fór nokkra túra en gaf mér endan veginn nægan tíma til að geta sagt nokkuð að ráði um veiðarnar nema það að við hittum á fisk og að hann tók vel. Makrillinn hegðar sér ekki ósvipað og ufsinn og er undir á meðan færið er úti en lætur sig hverfa um leið og það er dregið upp. Ég var með tvær rúllur en maður verður helst að vera með fjórar eða fimm til að geta alltaf haft úti línu svo makrillinn syndi ekki burt,“ segir Hermann.

**Í viðtalinu kom fram að veiðst hafi töluvert mikið af makríl en aflinn allur farið í bræðslu.**

„Makrillinn hélt sig lengi við suðurströndina í ár og ég hef heyrt að hann hafi veiðst allt norður á Hofsó. Það er greinilegt að makrill er að aukast við landið með hlýnandi sjó og það er mun meira af honum nú en áður þrátt fyrir að hann hafi fundist út af Suðurlandi í marga áratugi. Makrillinn kemur líklega upp að landi austur í Lónsdýpi og dreifir sér síðan vestur með en ég var að veiða hann vestur af Þrídröngum og allt austur undir Vík í Mýrdal. Ég vil engu spá um hvort farið verði að gera út á makríl á handfæri á næstunni en ég efast frekar um það þar sem það þarf að leggja töluvert á sig til að finna hann. Fiskurinn sem ég fékk í fyrra var bæði stór og fallegur en hann hefur verið blandaðri í haust,“ sagði Hermann í viðtali við Fiskifréttir.





## EKKI SOFNA Á VERÐINUM

Láttu ekki offreytu sigla þér í strand. Svefnkortur er algeng orsök slysa á sjó. Gætum þess að fá næga hvíld og vökum yfir öryggi okkar.



SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ  
*Siglingaráð*

Samgöngustofa



**H**ér bryddar Brimfaxi upp á gamalli nýjung, þ.e. að gefa einstaklingi tækifæri til að segja álit sitt umbúðalaust undir dulnefni, án þess að eiga á hættu að sitja undir skítkasti og árásum fyrir að nota málfrelsi sitt. Ritstjóri tekur glaður við þeirri orrahríð fyrir hönd viðkomandi.

**Hér er ekki töluð tæpitungan**

Hafsteinn skrifar:

## Vegurinn til heljar

Í dag eru 20 ár liðin síðan Hæstiréttur Íslands kvað upp Valdimarsdóminn svokallaða sem staðfesti að kvótakerfið stríðir gegn stjórnarskránni. Ástæða setningar kvótaganna 1983 var sögð grundvallast á ofveiði og friðun fiskistofna en í raun var kaldrifjaður efnahagslegur ásetningur kveikjan að einu mesta tilræði við eignarétt íslensks almennings. Í skjóli fiskverndar hrifsuðu ríkisstyrkt hagsmunaöfl til sín fjöregg þjóðarinnar. Hæstiréttur taldi að kvótalögin stríddu gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um jafnræði og atvinnufrelsi og því bæri að ógilda þau. Ríkisstjórnin hunsaði niðurstöður Hæstaréttar að mestu og gerði einungis óverulegar breytingar á inntaki laganna. Í stað þess að taka tillit til smábátasjómannanna notuðu ráðamenn dóminn markvisst til að þrengja kjör þeirra.

Við uppkvaðingu Vatneyrardómsins snérist meirihluti Hæstiréttar gjörsamlega. Skipstjóri og útgerðarmaður fiskiskipsins Vatneyrar voru dæmdir sekir um að brjóta kvótalögin.

Mannréttindanefnd Sp hefur úrskurðað að kvótalögin stríði gegn jafnræðisreglu mannréttinda-sáttmála Sp. Þar er átt við úthlutun aflakvóta til takmarkaðs hóps manna, kvótagreifanna.

Mannréttindanefndin staðfesti skilning mikils meirihluta þjóðarinnar á Valdimarsdóminum, m.a. 70% prófessora Háskóla Íslands, 105 talsins, sem undirrituðu sérstaka ályktun þar að lútandi.

Úrskurður mannréttindanefndarinnar er harður dómur yfir viðsnúningi Hæstaréttar Íslands í Vatneyrarmálinu og seinna vegna vélbátsins Sveins Sveinssonar. Að sönnu líka harður dómur yfir stjórnvöldum landsins og alþingi. Fjórflökurinn hefur staðfastlega vegið að réttaröryggi landsins og beitt til þess meirihlutavaldi sínu. Alþingi, að tilstuðlan ósvífinna hagsmunaafla, hefur skapað skelfilegt fordæmi með því að taka ekki mark á stjórnarskránni. Tími gulu vestanna er runninn upp á Íslandi. Alþingi svaraði Valdimarsdómi Hæstaréttar með sýndarmennsku og lagakrökum. Svar sjávarútvegsráðherra til mannréttindanefndar Sp var sent seint og um síðir og var efnislega að ekki væri hagkvæmt fyrir Íslendinga að hlíta úrskurðinum! Afleiðingar kvótakerfisins blasa við. Heilu landshlutarnir eiga undir högg að sækja og hagræðingarvofa kvótagreifanna ógnar starfsöryggi almennings. Fiskveiðistjórnun Hafrannsóknarstofnunar er svo sér kapituli. Gervivísindi Hafró hafa farið langt með að þurrka út fiskistofna og stjórnvöld hafa notað Hafró markvisst til að reyna að þurrka út smábátaflotann. Reyndar má segja að kvótakerfið megi rekja til skýrslu Hafró um ástand fiskistofna sem fékk viðurnefnið "svarta skýrslan" vegna lélegrar stöðu fiskistofna á Íslandsmiðum, en hún kom út árið 1975. Hræðsluáróðri og gervivísindum var beitt til að þagga niður í almennungi og stjórnvöld lugu því blákalt að lagabálkurinn væri varðaður góðum ásetningi.

**Gleðileg jóll!**

Hafsteinn



Við óskum öllum sjómönnum  
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



## FÆRAVINDUR

TRAUST  
HAGKVÆMNI  
ENDING



## ÞJÓNUSTA

LÁTIÐ OKKUR YFIRFARA FÆRAVINDURNAR  
SVO ÞÆR VERÐI TILBÚNAR FYRIR  
NÝTT VEIÐITÍMABIL Í VOR

GLERBLÁSUM OG ENDURMÁLUM  
ELDRI FÆRAVINDUR



UMHVERFISVÆNAR VEIÐAR

Naustatanga 2 • 600 Akureyri • Iceland  
Tel: +354 460 2900 • Fax: +354 460 2901

dng@dng.is  
www.dng.is



**Sóknarmark eða aflamark?**

## Skoðanakönnun um fyrirkomulag grásleppuveiða

Á undanförunum árum hafa grásleppukarlar rætt það sín á milli hvort rétt sé að gera breytingar á veiðistjórnuninni. Komið hafa fram tillögur á svæðisfélagafundum og aðalfundi LS hvort ekki eigi að kvótasetja veiðarnar. Þær tillögur hafa verið felldar. Þegar ráðherra upplýsti að hann hygðist endurskoða fyrirkomulag hrognkelsaveiða fór umræðan á flug og í hæstu hæðir þegar starfshópur um málefnið skilaði af sér greinargerð. Þar komu fram tvö sjónarmið: að byggja á núverandi veiðistjórnun eða setja kvóta byggðan á aflareynslu sl. 6 vertíða. LS ákvað því að gera skoðanakönnun meðal þeirra 450 aðila sem höfðu rétt til grásleppuveiða. Tilgangur hennar var að kalla fram afstöðu þeirra til veiðistjórnunar á grásleppu. Samið var við Gallup að hafa samband við þá þar sem spurt var um afstöðu til núverandi fyrirkomulags veiða eða úthlutun aflamarks á grundvelli aflahlutdeildar sem ákvarðast mundi af veiðireynslu síðastliðinna 6 ára (2013-2018), 3 bestu árin valin. Lista grásleppuleyfishafa var skipt upp í 3 hópa, þ.e. þá sem fengju enga úthlutun, þá sem yrðu með úthlutun upp á 1kg-10 tonn og þeir sem yrðu með úthlutun upp á 10-57 tonn miðað 7000 tonna heildarúthlutun.

### Framkvæmdalýsing:

Verkið var unnið fyrir Landssamband smábátaeigenda til að kanna fyrirkomulag veiðistjórnunar á grásleppu.

Framkvæmdatíminn var 15.-18. október 2018 og var um símakönnun að ræða. Úrtakið var 451 forsvarsmáður báta með grásleppuveiðileyfi og var úrtakslistinn fenginn frá LS.

Úrtak: **451**

Svöruðu ekki **113**

Fjöldi báta/leyfa **338**

Þátttökuhlutfall **74,9%**.

Gallup kynnti niðurstöðurnar á aðalfundi LS í október sl. og upplýsti að svarhlutfallið væri með því hæsta sem gerist.

Mikil vinna fór fram hjá LS við undirbúning þessa verkefnis og snérist hún að mestu um að tryggja rétt símanúmer grásleppuleyfishafa.

**Á meðfylgandi myndum á bls. 48 má sjá niðurstöður könnunarinnar.**




# Samferða síðan 1927




Olís hefur allt frá stofnun kappkostað að veita fyrirtækjum í sjávarútvegi trausta þjónustu með sölu á eldsneyti og rekstrarvörum til útgerða. Við ætlum að halda þeirri siglingu áfram.




Sp. 1. Hvort vilt þú frekar núverandi fyrirkomulag veiðistjórnunar eða úthlutun aflamarks á grundvelli aflahlutdeildar sem ákvarðast af veiðireynslu frá 2013-2018, þar sem miðað verður við þrjú aflamestu árin?



	Fjöldi	%	+/-
Núverandi fyrirkomulag veiðistjórnunar	176	54,8	5,4
Úthlutun aflamarks á grundvelli aflahlutdeildar sem ákvarðast af veiðireynslu frá 2013-2018, þar sem miðað verður við þrjú aflamestu árin	145	45,2	5,4
Fjöldi svara	321	100,0	
Tóku afstöðu	321	95,0	
Tóku ekki afstöðu	17	5,0	
Fjöldi báta/leyfa	338	100,0	



	Fjöldi	%	+/-
Mjög ánægð(ur) (5)	45	13,5	3,7
Frekar ánægð(ur) (4)	101	30,3	4,9
Hvorki né (3)	47	14,1	3,7
Frekar óánægð(ur) (2)	73	21,9	4,4
Mjög óánægð(ur) (1)	67	20,1	4,3
Ánægð(ur)	146	43,8	5,3
Hvorki né	47	14,1	3,7
Óánægð(ur)	140	42,0	5,3
Fjöldi svara	333	100,0	
Tóku afstöðu	333	98,5	
Tóku ekki afstöðu	5	1,5	
Fjöldi báta/leyfa	338	100,0	
Meðaltal (1-5)	3,0		
Víkmörk ±	0,1		







# OFHLEÐSLA BÁTIA

Fengsælum sjómönnum kann að þykja freistandi að hlaða bát sinn út í hið óendanlega. Það getur hins vegar skapað mikla hættu þar sem ofhleðsla getur leitt til alvarlegra slysa. Gætum að öryggi okkar og siglum örugg í höfn.

Samgöngustofa   
og verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda